

Ár endúrkomu



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

51. TÖLUBLAÐ

23. ÁRGANGUR

frettabladid.is

FRÍÐJUDAGUR 14. MARS 2023



Eitt helsta kennileiti Borgarfjarðar og eitt þekktasta fjall landsins, Skessuhorn, fylgir með í kaupunum á jörðinni Horn. Fjallið er um 967 metra hátt og er þekkt fyrir feðurð sína. Fyrir utan fjallið liggja þrjár veiðiár um jörðina, meðal annars Andakílsá.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Sakar ráðherra um hefnigirni

SVEITASTJÓRNIR Bragi Þór Thoroddsen, sveitarstjóri í Súðavíkurhreppi, sakar Sigurð Inga Jóhannsson, ráðherra sveitarstjórnarmála, um hefnarhyggju.

Tillögur nefndar um breytingu á framlögum úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga munu þýða að sum fámenn sveitarfélög missa allt að 170 milljóna króna tekjur.

Bragi segir að Súðavíkurhreppur fengi eftir breytingu rúmar 50 milljónir og missi 66 milljónir eða um 57 prósent frá síðustu úthlutun.

„Þessar tillögur eru hefndargjöf frá Sigurði Inga,“ segir Bragi sem telur að ráðherrann hafi ekki þolað að verða undir í öðru tengdu máli.

SJA Síðu 6

Auðjöfur keypti Skessuhorn

Kanadísk hjón hafa fest kaup á jörðinni Horni í Skorradal og þar með fjallinu Skessuhorni. Þau munu reisa 1.700 fermetra villu og gestahús.

kristinnhaukur@frettabladid.is

VESTURLAND Kanadískur auðkýfingur hefur fest kaup á jörðinni Horni í Skorradal en innan hennar er hið þekta fjall Skessuhorn. Hyggst hann byggja þar 1.000 fermetra villu og 700 fermetra gestahús.

Fjallið Skessuhorn er bæði þekkt fyrir feðurð sína og sem vinsæl gönguleið fjallgöngumanna. Er það eitt þekktasta fjall Borgarfjarðar og af því dregur héraðsblaðið heiti sitt. Samkvæmt heimildum Frétta-



Reisa á 1.000 fermetra villu og 700 fermetra gestahús við rætur fjallsins.

blaðsins eru kaupendurnir hjón í yngri kantinum og eiginmaðurinn auðgaðist í tæknigeiranum. Þau keyptu jörðina með aðstoð umboðsmanns hjá félaginu Nordic Luxury.

Jörðin Horn, sem telur 110 þúsund fermetra, var sett á sölu í maí á síðasta ári og seldist á aðeins fjórum

dögum. Fyrir utan fjallið liggja þrjár veiðiár um jörðina, Hornsá, Álfsteinsá og Andakílsá. Ásett verð var 145 milljónir króna en jörðin var seld á 150 milljónir.

Ekkert eiginlegt íbúðarhús er á jörðinni en eitt af fjárhúsum hefur verið gert upp sem íbúð. Ekki stendur til að rífa nein hús jarðarinnar að svo stöddu. Í febrúar var gefið út byggingarleyfi fyrir tveimur byggingum. Annars vegar 1.000 fermetra húsnaði fyrir hjónin og svo 700 fermetra gestahúsi, sem mun innihalda íþróttahús.

Þegar er byrjað að vinna að grunni húsanna sem verða reist ofar í fjallshlíðinni en núverandi hús standa. Búist er við því að eiginleg bygging hefjist í apríl og ljúki árið 2025. ■

ÍÞRÓTTIR 17



Töluðu saman í síma

MENNING 22



Dapurlegur Draumabjófur

FRÉTTIR 4



Sáðar kaupa íslenskt hugvit



Tryggðu þér miða

Frumssýning 17. mars



Borgarleikhúsið



Prinsessuleikarnir



Bensinstöð Costco í Kauptúni.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Harma andvara- og aðgerðaleysi Costco vegna leka

gar@frettabladid.is

UMHVERFISMÁL Taka á saman kostnað við lekaleit og vinnu við mat á umhverfistjóni sem orðið hafi er 112 þúsund lítrar af dísilolíu láku frá bensinstöð Costco ofan í fráveitukerfi Hafnarfjarðar.

Eins og fram hefur komið stóð þessi leki á tímabilinu 15. til 30. desember síðastliðinn. Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogsvæðis segir ekki hafa orðið sjáanlegt umhverfistjón vegna lekans en að ljóst sé að mengunarslysið hafi haft veruleg áhrif á íbúa í vesturbæ Hafnarfjarðar.

„Heilbrigðisnefnd harmar það andvara- og aðgerðaleysi sem forsvarsmenn Costco Wholesale sýna við endurteknar aðvaranir frá eftirlitskerfum fyrirtækisins og að ekki hafa verið brugðist við í tíma,“ segir í bókun heilbrigðisnefndarinnar. ■

Fjórar og hálf stjarna



Ferðamenn dást að Sólfarinu í ölduganginum og taka af því myndir þrátt fyrir gífurlegan kulda. Ekki skrytið að þeir mæti, enda er það efst á lista þegar Google er spurt hvað sé hægt að gera eða sjá í Reykjavík. Þar fær Sólfarið fjórar og hálfra stjörnu úr 7.267 umsögnum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Á öllum tónleikum hljóm-sveitarinnar í Bretlandi verður flutt verk eftir íslenskt tónskáld.

MYND/AÐSEND

Sinfóníuhljómsveitin spilar í Bretlandi

bth@frettabladid.is

MENNING Sinfóníuhljómsveit Íslands fer í tónleikaferðalag til Bretlands í næsta mánuði. Fyrstu tónleikar sveitarinnar fara fram 20. apríl í Cadogan Hall í London. Nokkuð er um liðið síðan hljóm-sveitin lagði síðast upp í viking út fyrir landsteinana.

Eva Ollikainen, aðalstjórnandi hljóm-sveitarinnar, leiðir hljóm-sveitina í gegnum tónleikaröðina. Stephen Hough píanóleikari spilar einleik.

Á öllum efnisskrám verður flutt verkið Metacosmos eftir Önnu Þorvaldsdóttur. Önnur verk á eru meðal annars píanókoncert númer 3 eftir Beethoven. ■

Segir sárafátæka upplifa mikla fordóma og skömm

Að staðaldri koma 350 manns á Kaffistofu Samhjalpar á dag til að fá heitan mat. Í grunninn sami hópurinn en undir mánaðamót líka þeir sem eiga ekki lengur fyrir mat.

ser@frettabladid.is

SAMFÉLAG Forvígismenn og hollvinir Samhjalpar standa fyrir áttakinu Ekki líta undan, á næstu vikum, þar sem fólk er hvatt til að skrifa undir og sýna öllum þeim 350 manns sem leita daglega á Kaffistofu Samhjalpar samstöðu og hlýhug.

„Þetta er gert til að minna á að við erum öll manneskjur,“ segir Rósý Sigþórsdóttir, verkefnastjóri Kaffistofunnar í Borgartúni, en þar hefur hún staðið vaktina síðustu tvö árin og hrært í pottum og vaskað upp.

„Starfið hefur reynt mér skemmtilegt og einstaklega gefandi, en það er líka erfitt,“ segir Rósý. „Það getur reynt ansi mikið á að sjá aðstæður þess fólks sem hefur það verst, en þar er oft saman komið mikill sársauki og jafnvel enn meira vonleysi,“ segir Rósý.

„Við sækjumst eftir stuðningsyfirlýsingu fólks,“ segir Steingerður Steinarsdóttir, verkefna- og ritstjóri Samhjalpar. „Það getur ýmist farið inn á heimasíðu okkar eða á slóðina www.ekkilitaundan.is og lýst þar yfir stuðningnum, en líka stutt okkur með framlögum eða skráð sig sem hollvini Samhjalpar,“ bætir Steingerður við.

Í tilkynningu frá Samhjalp vegna átaksins er sagt að hluti fólks á Íslandi búi við sárafátækt. Þetta sé sá samfélagshópur sem sé hvað viðkvæmastur og upplifi mikla fordóma og skömm.

„Ég áttaði mig á þessu eftir að



Rósý Sigþórsdóttir á Kaffistofu Samhjalpar. „Það getur reynt ansi mikið á að sjá aðstæður þess fólks sem hefur það verst,“ segir hún en vinnan sé líka skemmtileg og gefandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Þegar líða fer á hvern mánuð mæta þeir hinir sem eiga ekki lengur fyrir mat.

Rósý Sigþórsdóttir, verkefna-
stjóri Kaffistofunnar í Borgartún

hafa unnið í nokkra daga á Kaffistofunni. Fólk var sífellt að koma til mín og þakka mér fyrir að koma vel fram við það,“ segir Rósý. „Það var ekki vant svona viðmóti. Það var jafnvel hissa á að því væri mætt af hlýhug og virðingu,“ bætir hún við.

Að jafnaði leita á fjórða hundrad manns á Kaffistofuna á hverjum degi.

„Í grunninn er þetta sami hópurinn, en þegar líða fer á hvern mánuð mæta þeir hinir sem eiga ekki lengur fyrir mat,“ segir Rósý.

„Við trúum því að enginn eigi að vera svangur. Þess vegna fær fólk heita máltíð hjá okkur á Kaffistofunni og er jafnframt mætt af virðingu og kærleika,“ segir Rósý Sigþórsdóttir. ■



Íslenskupróf fyrir umsækjendur um íslenskan ríkisborgararétt vorið 2023

Næstu íslenskupróf fyrir umsækjendur um íslenskan ríkisborgararétt verða haldin sem hér segir:

- Akureyri, Ísafirði og Egilsstöðum: Föstudaginn 12. maí kl. 13.00
- Reykjavík 15., 16., 17., 22., og 23. maí kl. 9.00 og kl. 13.00.

Skráning er hafin á www.mimir.is

Síðasti skráningardagur er 23. apríl 2023.

Ekki er hægt að skrá sig eftir að skráningarfresti lýkur.

Prófgjaldið er 35.000 kr.

Halló nýr leikvöllur

© Inter IKEA Systems B.V. 2023

LÅNESPELARE
hálsþúði 1.590,-

LÅNESPELARE
standur
3.990,-

LÅNESPELARE
hringljós með símastandi
6.990,-

HUVUDPELARE
tölvuleikjaborð
17.950,-

Nýtt LÅNESPELARE
músarmotta
B90xL40 cm
2.990,-

HELMER
skúffueining á hjólum
7.950,-

KLYNNON
blómápottur
Ø24 cm 3.990,-

HUVUDPELARE
leikjastóll
9.950,-



Verzlun opin 11-20 alla daga - IKEA.is



Hlýindin munu ekki staldra lengi við.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Hitinn fari jafnvel yfir frostmark

katrin@frettabladid.is

VEÐUR Hlýindi eru í kortunum eftir að mesta frost sem mælst hefur í Reykjavík í mars frá 1998 mældist á laugardaginn, eða -14,8 gráður. Um helgina gætu hitatölur rífið sig yfir frostmark að sögn Birtu Lífur Kristinsdóttur, veðurfræðings á Veðurstofu Íslands.

Gert er ráð fyrir hitatölum sunnan- og vestanlands.

Kuldakastinu er þó ekki alveg lokið og segir Birta Lifað í næstu viku dragi aftur til tíðinda. „Þá erum við að sjá aftur kaldari liti nálgast landið ískýggilega hratt,“ segir hún. Það má þó búast við að hámarkinu hafi verið náð núna um helgina og ætti að fjara undan þessum kulda. Bara ekki alveg strax. ■



Íslenska sauðkindin er magnað fyrir bæri.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Íslenska lambið nú vottað af ESB

bth@frettabladid.is

LANDBÚNAÐUR Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins samþykkti í gær að íslenskt lambkjöt verður fyrsta íslenska framleiðslan til að hljóta upprunavottun á landbúnaðarvörum á Evrópska efnahags-svæðinu.

„Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins er sammála okkur sauðfjábændum og þorra neytenda um sérstöðu íslenska lambkjötsins,“ segir Ólafur Jónsson sauðfjorbóndi í Fljótum. „Það er eitthvað sem Samtök atvinnurekenda hafa ekki komið auga á.“ ■

Íslenskir karlmenn keyra áfram offituna

kristinnhaukur@frettabladid.is

HEILBRIGÐISMÁL Íslenskir karlmenn eru feitari en konur og munurinn er að aukast hratt. Um 30 prósent karla eru í yfirþyngd samkvæmt BMI-líkamsþyngdarstuðli og 23 prósent kvenna. Árið 2035 verður hlutfall of þungra karla orðið 42 prósent en kvenna 28. Þetta kemur fram í nýjum offituatlasi Heimssamtaka um mál-fni offitu (WOF) sem greina stöðu offitumála í hverju landi fyrir sig.

Drengir eru líka að fitna hraðar en stúlkur. Í dag eru 15 prósent drengja í yfirþyngd en verða tæplega 20 prósent árið 2035. Hlutfall stúlkna í yfirþyngd hækkar lítillega, úr 9 í 10 prósent.

Alls mun hlutfall feitra hækka um 2,2 prósent á hverju ári sem er metið hátt samkvæmt WOF. Íslendingar eru að fitna hraðar en Bandaríkjamenn en hægar en flestar þjóðir í Vestur-Evrópu. Offita í Bandaríkjunum er hins vegar þegar mjög mikil



Íslendingar þyngjast hraðar en Bandaríkjamenn.

og WOF gerir ráð fyrir að meirihluti fullorðinna verði kominn í yfirþyngd árið 2027.

WOF gerir ráð fyrir töluverðum áhrifum offitu á íslenskan efnahag á komandi árum. Það er að kostnaður tengdur offitu, svo sem fyrir heilbrigðiskerfið, muni aukast um 66 prósent frá árinu 2020 til 2035. Ísland er hins vegar mjög ofarlega, það er í 4. sæti allra þjóða, þegar kemur að viðbúnaði við offitutengdum vandamálum. ■

Sádar kaupa einkaréttinn á grænni ammoníaksvinnsluaðferð frá Íslandi

Heimsmarkaðurinn er að átta sig á nýrri íslenskri aðferð við framleiðslu á ammoníaki sem er græn og kolefnislaus. Fyrsti stóri samningurinn er í höfn sem kallar á fleiri starfsmenn og risafjármögnun.

ser@frettabladid.is

IÐNAÐUR Sádi-arabíska iðnfyrirtækið Sabic, dótturfyrirtæki Aramco sem er eitt stærstu olíufélag heims, hefur keypt einkaréttinn á nýrri og umhverfisvænni framleiðsluaðferð á ammoníaki sem íslenska efnafyrirtækið Atmonia hefur fundið upp og þróað á síðustu árum.

„Þetta eru kaflaskil í okkar starfsemi,“ segir Guðbjörg Rist Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Atmonia. „Samningurinn við Sádana er stór og kallar á meiri mannskap og fjármögnun,“ bætir hún við, en forráðamenn Atmonia leita nú að tuttugu milljóna dala viðbótarfjármagni til að þróa reksturinn enn frekar, eða sem nemur þremur milljörðum íslenskra króna.

Atmonia er afsprengi rannsókna innan Háskóla Íslands og var stofnað 2016. Guðbjörg Rist ræddist til fyrirtækisins 2018 og var þá fyrsti starfsmaður þess. Fimm árum seinna eru þeir orðnir átján.

Velgengi fyrirtækisins má rekja til nýrrar tækni við ammoníaksframleiðslu sem er bæði einfaldari og umhverfisvænni en áður hefur þekkt.

Gamla aðferðin sem hefur verið notuð frá því fyrst var byrjað að framleiða ammoníak í upphafi síðustu aldar er afar mengandi, en vetnið í efninu, sem unnið hefur verið úr gasi og kolum, er þvingað saman við nitur undir miklum þrýstingi og hita. Þessi gamla



Samningur Atmonia við Sádana felur í sér að arabíska fyrirtækið hefur einkarétt til að nota íslensku aðferðina í Sádi-Arabíu, Kúveit, Barein og Jemen. Myndin er frá alþjóðlegri sýningu í Abú Dabí.
FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



Okkar ammoníak er grænt og kolefnislaust.

Mest notað í áburð

Ammoníak er að mestu leyti notað í áburð. Talið er að um áttatíu prósent af efninu fari til akkurræktar. Það er einnig notað í kælitækni, til framleiðslu á iðnaðarsalti og í margvíslegar hreinlætisvörur.

„Okkar aðferð merkir að ekki þarf lengur stórar verksmiðjur sem aldrei má slökkva á til að framleiða ammoníak. Rafgreiningin leysir af hólmi kæfandi hita og mikinn þrýsting á vettvangi vinnslunnar. Fyrir vikið geta framleiðslueiningarnar verið miklu minni en áður og nýtingarmöguleikarnir fjölbreyttari – og ekki þarf að keyra verksmiðjuna endalaust,“ segir Guðbjörg Rist.

Samningur Atmonia við Sabic felur í sér að arabíska fyrirtækið hefur einkarétt til að nota íslensku framleiðsluaðferðina í Sádi-Arabíu, Kúveit, Barein og Jemen.

„Þetta er fyrsti samningur okkar í þessa veru og hann sýnir að markaðurinn er búinn að átta sig á þessari lausn. Hann færir okkur mikinn byr í seglin, því solumöguleikarnir eru miklir um allar álfur,“ segir Guðbjörg Rist Jónsdóttir. ■



Guðbjörg Rist Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Atmonia

aðferð hefur kallað á stórar og tæknilega flóknar verksmiðjur sem þurfa, aðferðarinnar vegna, að vera sístarfandi.

„Okkar tækni er allt öðruvísi,“ segir Guðbjörg Rist. „Okkar ammoníak er grænt og kolefnislaust,“ útskýrir hún betur, en Atmonia notist við rafgreiningu til að framleiða vetnið, án nokkurrar aðkomu mengandi kolefna.

Fjármögnun torveldari en áður

olafur@frettabladid.is

VIÐSKIPTI Silicon Valley Bank féll á föstudaginn eftir að viðskiptavinir gerðu áhlaup á bankann á fimmtudag og hlutabréf hans lækkuðu um 60 prósent.

Vanda bankans má rekja til taps á skuldabréfasafni. Silicon Valley Bank hefur sinnt sprotastarfsemi.

Um helgina féll annar banki, Signature, sem sérhæfði sig í þjónustu við rafmyntageirann.

Þessi gjaldþrot eru annað og þriðja stærsta bankagjaldþrot í sögu Bandaríkjanna, aðeins gjaldþrot Washington Mutual, 2008, er stærra.

Um allan heim gæti áhrifa þessara áfalla og líka hér á landi. Fram hefur komið að Kerecis var með viðskipti við Silicon Valley Bank



Þórður Magnússon, stjórnarformaður Eyris Invest

en fall hans mun ekki hafa áhrif á starfsemi þess. Þórður Magnússon, stjórnarformaður Eyris Invest sem er stærsti hluthafi Marels auk þess að vera bakhjarl ýmissa sprotafyrirtækja, segir fall Silicon Valley Bank fyrir helgi og titring á mörkuðum sem af því leiðir vera trúflandi.

„Hávaxtaumhverfið var þegar farið að setja strik í reikninginn og fjármögnunarumhverfið erfitt. Fall SVB eykur óvissu og torveldar



Þessi gjaldþrot eru annað og þriðja stærsta bankagjaldþrot í sögu Bandaríkjanna, aðeins gjaldþrot Washington Mutual, 2008, er stærra.

vafalaust fjármögnun sprotafyrirtækja,“ segir Þórður. Hann telur þó að bein áhrif verði lítil á fyrirtæki sem tengjast Eyri Invest þar sem hann veit ekki til að þau hafi haft bein viðskipti við bankann. ■

Mikið úrval af borðstofuborðum frá CASÖ



Teg. 230. Langborð
200 x 98 og 240 x 98
stækkun 2x 50cm
reykt eik og nature eik



Embla hrinborð
120 cm og 140 cm reykt eik
og nature eik.

NYFORM

HÚSGAGNAVERSLUN

Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | nyform.is

19
47

75

20
22

75 YEARS

Verð: 649.000.-
m/gaflí · 180x200cm

75 ÁR ER TILFNI TIL AÐ FAGNA

Jensen afmælisrúm



JENSEN®

Jensen hefur framleitt gæða rúm frá árinu 1947 með áherslu á fagaða skandinavíska hönnun og framúrskarandi þægindi. Jensen rúm eru Svansmerkt og eru sérsniðin eftir þörfum með ótal möguleikum varðandi gormakerfi, yfirdýnur, áklæði og allt útlit rúmsins.

75 ára afmælisútgáfa Jensen er Continental rúm með glæsilegum afmælisgaflí, Original Jensen Zone system dýnu með latex bólstrun / hægt að velja um stífleika fyrir hvora hlið og Sleep III yfirdýnu (latex). Stærðir: 180x200 eða 180x210. Hægt að velja um tvær litasamsetningar; grátt eða beige.

**Einstakt afmælisverð
sem gildir til 1. ágúst 2023.
Takmarkað upplag.**





Úttektin leiddi í ljós að umgjörð sjókvíaldis einkennst af veikburða og brotakennndri stjórnsýslu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Hafnir landsins vita ekki hvernig eigi að rukka hafnargjöld af sjókvíaldi

benediktboas@frettabladid.is

FISKELDI Í bókun Hafnasambands Íslands um stjórnsýsluúttekt Ríkisendurskoðunar um sjókvíaldi kemur fram að óskýrt sé hvernig eigi að rukka hafnargjöld af sjókvíaldi.

„Skýrslan endurspeglar og dregur fram hve litla aðkomu sveitarfélögin hafa haft að umgjörð atvinnugreinarinnar, ákvarðanatöku og stefnumótun er varðar hana. Í þeirri vinnu sem fram undan er á grundvelli skýrslunnar er nauðsynlegt að sveitarfélögin og hafnarsjóðir komi að þeirri vinnu ásamt samtökum þeirra,“ segir í bókuninni. ■

Hátt í áttatíu með tengslaröskun

kristinnhaukur@frettabladid.is

HEILBRIGÐISMÁL 78 börn hafa verið greind með tengslaröskun á Barna- og unglingsgeðdeild Landspítalans frá árinu 2002. Flest árið 2017, eða tíu talsins.

Þetta kemur fram í svari Willums Þórs Þórssonar heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Evu Sjafnar Helgadóttur, þingmanns Pírata.

Tengslaröskun er flókin geðröskun sem á oft rætur sínar í vanrækslu barns á fyrstu árum þess. Röskunin getur komið fram í hegðunarvanda-



Úttekt Ríkisendurskoðunar leiddi í ljós að 14 af 16 rekstrarleyfum sjókvíaldis eru á hendi félaga undir yfirráðum þriggja norskra fyrirtækja.



Flest börn greindust níu ára gömul.

málum, samskiptaerfiðleikum og skertri tilfinningastjórnun.

Flest börnin greindust við níu ára aldur, eða ellefu talsins. Aðeins eitt barn greindist undir fimm ára aldri en það var eins árs. ■



Mynd frá aðgerðum á Fagradal.

MYND/LANDBSBJÖRG

Heimamenn og ferðamenn í mestu vandræðum að komast yfir Fagradal

benediktboas@frettabladid.is

SAMGÖNGUR Björgunarsveitir á Austurlandi voru við störf í gær á fjallvegum austanlands og aðstöðu fjölda manns sem komust ekki leiðar sinnar sökum veðurs.

Í tilkynningu frá Landsbjörg kemur fram að á Fagradal var talsvert um að ferðamenn kæmust ekki leiðar sinnar. Veðrið var slæmt og skyggni lítið sem ekkert á köflum. Töluverðir skaflar höfðu myndast

á leiðinni og sóttu björgunarsveitir fólk úr að minnsta kosti fimm bílum, og þar á meðal snjóruðningstæki sem hafði lent út af veginum.

Fólk hafði ýmist fest bíla sína, eða ekið út af veginum. Flestir voru ferðamenn en einhverjir heimamenn sem voru að fara á milli byggðarlaga vegna vinnu.

Á Möðrudal varð árekstur tveggja bíla. Ekki urðu slys á fólki en bílarnir voru ekki ökuhæfir og fékk fólk far til byggða. ■



Þingmenn gagnrýndu leyndarhyggju Birgis Ármannssonar harðlega á Alþingi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Synjun brot á þingsköpum

Synjun Birgis Ármannssonar, forseta Alþingis, um að birta greinargerð Sigurðar Þórðarsonar um Lindarhvolmsmálið er í trássi við upplýsingalög, samkvæmt lögfræðialiti sem forsætisnefnd Alþingis lét gera. Þá er synjunin einnig brot á þingsköpum, samkvæmt öðru lögfræðialiti sem Fréttablaðið hefur undir höndum.

olafur@frettabladid.is

STJÓRNSÝSLA Flóki Ásgeirsson, lögmaður hjá Magna lögmönnum og sérfræðingur í stjórnsýslurétti, komst að þeirri niðurstöðu í lögfræðialiti sem hann vann árið 2021 fyrir forsætisnefnd Alþingis að nefndinni væri ekki bara heimilt að afhenda fjölmörgum greinargerð Sigurðar Þórðarsonar, fyrrverandi setts ríkisendurskoðanda, um starfsemi Lindarhvals heldur bæri nefndinni beinlínis skylda til að gera það.

Þá hefur Fréttablaðið undir höndum annað lögfræðialit frá Lögfræðistofu Reykjavíkur, sem kemst að þeirri niðurstöðu að samkvæmt þingsköpum sé forsætisnefnd fjölskipuð, líkt og aðrar nefndir þingsins, sem þýðir að vilji meirihluta nefndarinnar ræður niðurstöðu mála en ekki forseti þingsins einn, eins og verið hefur tálkum Birgis Ármannssonar. Samkvæmt því hefur Birgir setið á greinargerðinni í trássi við þingsköp og skýrt lögfræðialit Flóka Ásgeirssonar um að skylt sé að birta hana.



Birgir Ármannsson er einangraður í forsætisnefnd Alþingis því að allir aðrir nefndarmenn vilja birta greinargerðina.

Birgir hefur sagt mótmæli stjórnar Lindarhvals og Ríkisendurskoðunar ráða mestu um að hann vilji ekki afhenda greinargerðina.

Forsætisnefnd reyndi ítrekað að fá afstöðu stjórnar Lindarhvals (stjórn Lindarhvals er raunar ein manneskja, Esther Finnbogadóttir, starfsmaður fjármálaráðuneytis Bjarna Benediktssonar) til þess hvort einhverjar upplýsingar í greinargerðinni skyldu fara leynt.

Esther hefur engin svör sent heldur jafnan mótmælt því að greinargerðin yrði birt. Hún hefur í engu sinnt óskum forsætisnefndar um að veita upplýsingar um atriði í greinargerðinni sem skyldu fara leynt.

Að lokum gafst forsætisnefnd upp á að reyna að fá slíkar upplýsingar hjá Esther og fól Flóka Ásgeirssyni að leggja mat á hvort og þá að hvaða marki væri að finna viðkvæmar upplýsingar í greinargerðinni sem leynt skyldu fara.

Í ágúst 2021 skilaði Flóki minnisblaði til forsætisnefndar þar sem fram kemur afgerandi niðurstaða um að engar viðkvæmar upplýsingar sé að finna í greinargerðinni. „...er það niðurstaða undirritaðs að skylt sé samkvæmt 1. mgr. 5. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012, sbr. 1. mgr. 91. gr. laga nr. 55/1991 um þingsköp Alþingis, að veita almenningi aðgang að greinargerð setts ríkisendurskoðanda án takmarkana.“

Á fundi forsætisnefndar 4. apríl 2022 var minnisblað Flóka lagt fram og formleg ákvörðun tekin, að tilögu Birgis Ármannssonar þingforseta, um að veita aðgang að greinargerðinni án takmarkana.

Álit Flóka varð opinbert eftir að úrskurðarnefnd upplýsingamála úrskurðaði um að það skyldi birt síðastliðinn miðvikudag.

Allir í forsætisnefnd ítrekuðu vilja sinn til að birta greinargerðina á fundi forsætisnefndar, mánudaginn 6. mars, og ljóst er að Birgir Ármannsson er einangraður í málinu í nefndinni. Fréttablaðið sendi forsætisnefnd í gær lögfræðialit Lögfræðistofu Reykjavíkur um að forseti þingsins skuli framfylgja ákvörðunum meirihluta nefndarinnar, annað sé brot á þingsköpum, auk þess sem ítrekuð var beidd um að fá greinargerð Sigurðar Þórðarsonar afhenta með vísun í bæði þessi lögfræðialit.

Í umræðum um störf forseta á Alþingi í gær gagnrýndu þingmenn Birgi Ármannsson harðlega fyrir að halda greinargerðinni leyndri fyrir þingi og þjóð. ■

Sakar Sigurð Inga um að hefna sín með niðurskurði á tekjustofnum

bth@frettabladid.is

SVEITARSTJÓRNIR Áhrif af tillögu starfshóps um breytingu á úthlutun framlaga úr Jöfnunarsjóði mæta harðri andstöðu oddvita fámennra sveitarfélaga.

Bragi Þór Thoroddsen, sveitarstjóri í Súðavíkurhreppi, segir að hið opinbera, með Sigurð Inga Jóhannsson innviðaráðherra í fararbroddi, sé að bregðast við ósigri eftir að hafa orðið afturreka með hugmyndir um að engin sveitarfélög á landinu yrðu fámennari en 1.000 manns.

„Þessar tillögur eru hefndargjöf frá Sigurði Inga,“ segir Bragi.

Tillögurnar bitna sérlega illa á sveitarfélögum á Vestfjörðum. Ísa-fjarðarbær myndi missa mestar tekjur eða 171 milljón ef tillögur starfshópsins ná fram að ganga.

Næst est missir Reykhólahreppur eða um 92 milljónir króna.

Súðavíkurhreppur, sem fékk



Sigurður Ingi Jóhannsson, innviðaráðherra



Bragi Þór Thoroddsen, sveitarstjóri í Súðavíkurhreppi

tæplegar 117 milljónir í síðustu úthlutun, fengi eftir breytingu rúmar 50 milljónir. Mismunurinn er 66 milljónir eða um 57 prósent. Tekjurnar úr Jöfnunarsjóði hafa verið nálægt 40 prósent af öllum tekjum Súðavíkurhrepps að sögn sveitarstjórans.

„Það er hægt að líta þannig á að það sé verið að svelta sveitarfélög til sameiningar en ég held þetta snúist ekki síður um persónulegan hug,“ segir Bragi. Hann vitnar til harðra átaka fyrir nokkrum árum á vettvangi Sambands sveitarfélaga.

Bragi viðurkennir að 237 íbúar sé ekki hagkvæm stærð en fámenn fjölkjarna sveitarfélög sitji ekki við sama borð og önnur. Yfirbygging Súðavíkurhrepps sé engin, síðasta opinbera starfið sé að hverja og engar fiskveiðiheimildir eftir.

„Ætli ég verði ekki tíður gestur hjá Lánasjóði sveitarfélaga ef þessar breytingar ná fram að ganga.“

Árneshreppur, fámennasta sveitarfélag landsins, myndi missa allar tekjur úr Jöfnunarsjóði, fengi null krónur í stað 11 milljóna króna áður. ■



KEANU REEVES
JOHN WICK

CHAPTER 4

fierra
GARÐURINN
- klæðir þig vel

FRUMSÝND Í BÍÓ 24. MARS

GINGER
BE GOOD TO YOURSELF

FORSALA HAFIN

LAUGARÁS  **BÍÓ**
BARA LÚXUS

SMÁRA  **BÍÓ**

SAMBÍÓIN
EGILSHÖLL 

HÁSKÓLA  **BÍÓ**

Á ekki að refsa sveitarfélögum fyrir að hafa lága skatta

kristinnhaukur@frettabladid.is

SVEITARSTJÓRNIR Samkvæmt tillögum starfshóps um endurskoðun á reglum Jöfnunarsjóðs á að skerða greiðslur til þeirra sveitarfélaga sem ekki hafa hámarksútsvarsprósentu. Það er 14,74 prósent.

Þetta eru alls fjórtán sveitarfélög en tvö þeirra fá engin framlög úr sjóðnum.

Mesta skerðingin er hjá Garðabæ sem er með 13,7 prósentu útsvar og samkvæmt starfshópnum vannýtingu upp á 961 milljón króna.

„Á bak við þetta er dulið flagg um að allir eigi að rukka sama útsvar,“ segir Almar Guðmundsson, bæjarstjóri Garðabæjar, sem gagnrýnir tillögurnar og hugtakið vannýtingu í þessu samhengi harðlega. Garðabær muni gera miklar athugasemdir áður en þetta verði að lögum.

Bendir Almar á að Garðabær sé þegar að greiða mun meira í Jöfnunarsjóðinn en hann fær til baka. Ekki sé gerðar athugasemdir við jöfnunarhlutverk sjóðsins, en framlögin úr honum séu að hluta til að reka grunnstarfsemi eins og skóla



Á bak við þetta er dulið flagg um að allir eigi að rukka sama útsvar.



Almar Guðmundsson, bæjarstjóri Garðabæjar

og málefni fatlaðs fólks. Ekki megi ganga nærri þeirri starfsemi.

„Það mun þá hlaupa á milljörðum sem Garðabær er að fjármagna Jöfnunarsjóð með. Það sér það hver heilvita maður að það gengur ekki,“ segir Almar.

Næstmesta vannýtingin er á Seltjarnarnesi þar sem útsvarið er 14,09 prósent, það er 128 milljónir króna.

Þór Sigurgeirsson, bæjarstjóri Seltjarnarness, tekur undir með Almar og segir að það ætti að vera hagur að hafa álögur sem lögstar.

„Það á ekki að refsa okkur fyrir að gera vel við okkar íbúa,“ segir Þór. „Það ætti að vera hagur allra að álögur á íbúana séu sem lögstar.“

Meðal annarra sveitarfélaga sem ekki eru að nýta fulla útsvarsprósentu eru Kópavogur, Hafnarfjörður, Mosfellsbær, Grindavík og Vestmannaeyjar.

„Við eru að skoða áhrif af þessum breytingum á Vestmannaeyjar og erum að sjálfsögðu ekki sátt við að þær skerði framlög til okkar,“ segir Íris Róbertsdóttir, bæjarstjóri Vestmannaeyja. ■



Jólapakkar starfsmanna opinberra stofnana komu fyrir á Alþingi í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Stofnanir ríkisins rukkaðar um svör um jólagjafirnar

benediktboas@frettabladid.is

ALÞINGI Anna Kolbrún Árnadóttir, þingmaður Miðflokksins, var í jólaþingi á Alþingi í gær þegar hún lagði fram fyrirspurn til Katrínar Jakobsdóttur forsætisráðherra um jólagjafir opinberra stofnana. Anna Kolbrún spurði hversu miklu fé opinberar stofnanir hefðu varið í jólagjafir til starfsmanna sinna ár hvert undanfarin fimm ár.

Í umfjöllun Fréttablaðsins um jólagjafir ráðuneytanna síðustu jóla kom fram að ráðuneyti Katrínar Jakobsdóttur, forsætisráðuneytið, gaf starfsfólki sínu 40 þúsund króna gjafakort í Cintamani ásamt hlaupavesti það árið. Var það dýrasta gjöf ráðuneytanna. ■

Varð aftur fyrir kynþáttanði

jonthor@frettabladid.is

FÓTBOLTI Kyle Walker-Peters, leikmaður enska knattspyrnuliðsins Southampton, varð fyrir kynþáttanði eftir leik liðsins við Manchester United um helgina.



Kyle Walker-Peters, leikmaður Southampton

Southampton gaf út yfirlýsingu vegna málsins. „Við erum í nákvæmlega sömu stöðu:

Okkur býður við þessu og erum vonsvikin yfir hegðun netverja sem leggast svo lágt að svivirða leikmenn vegna litarhafts þeirra,“ segir í yfirlýsingunni, en þar eru samfélagsmiðlar jafnframt gagnrýndir fyrir að taka ekki harðar á málum sem þessum.

Fram kemur að málið sé komið á borð lögreglunnar í Bretlandi. ■

Vilja færa dýravelferð frá MAST

Dýraverndarsamband Íslands gefur í dag út nýja úttekt á dýravelferð á Íslandi. Þar er lagt til að sett verði á stofn ný stofnun og að málaflökkurinn verði fluttur frá MAST. Bent er á mikilvægi þess að auka upplýsingagjöf til að minnka vantraust almennings.

lovisa@frettabladid.is

DÝRAVERND Dýraverndarsamband Ísland (DÍS) vill að málaflökkur dýravelferðar verði fluttur frá MAST og til umhverfisráðuneytisins. Þetta kemur fram í nýtti úttekt DÍS þar sem einnig kemur fram vantraust almennings til stofnunarinnar og núverandi fyrirkomulags dýravelferðar á Íslandi.

Úttektin verður kynnt á málþingi í Öskju í Háskóla Íslands í dag en þar kemur til dæmis fram að á síðustu níu árum hafa MAST borist um fimm þúsund ábendingar um grun um illa meðferð dýra. Meiri hluti ábendinga hefur borist síðustu ár en sem dæmi bárust nærri þúsund tilkynningar 2021 en 443 árið 2013.

Af þessum tilkynningum hefur MAST aðeins lagt til að 224 málum verði lokið með sekt, vörslusviptingu eða kærú á síðustu sjö árum. Um helmingur málanna var felldur niður og segir í úttektinni að það vekji athygli að afskaplega fáa íslenska dóma er að finna sem lúta að dýravelferð.

„Að jafnaði eru því aðeins rúmlega 30 mál sem snerta dýravelferð á ári sem er lokið með ofangreindum hætti af hálfu MAST,“ segir Ágúst Ólafur Ágústsson, lögfræðingur og hagfræðingur, sem skrifar skýrsluna.

„Ábendingar frá almenningi eru að aukast mjög mikið en það er áhugavert að það eru nánast engar ábendingar sem varða alifugla- eða svínarækt. Það er vegna þess að þetta dýrahald er mjög hulið og ég held að við þurfum að fá þetta meira



Ekki er sama tíðni eftirlits með svínarækt og annarri rækt samkvæmt skýrslunni.

FRÉTTABLAÐIÐ/AUDUNN



Stundum fara þessir hagsmunir ekki saman, matvælaframleiðsla og dýravernd.



Ágúst Ólafur Ágústsson, lög- og hagfræðingur

í dagsljósið,“ segir Ágúst og bendir á að miklu lægra hlutfall er í óbodað eftirlit hjá alifugla- og svínaræktendum en sem dæmi voru aðeins 9 prósent heimsóknna til svínaræktenda árið 2021 óbodað og 14 prósent heimsóknna til alifuglarækt-

enda. Sem dæmi er hlutfallið 70 prósent í sauðfjárrækt og 39 prósent í nautgripærækt.

Hann segir vitundarvakningu um dýravelferð í dag og segir sem dæmi að þegar hann hafi talað um þessi mál á þingi 2021 hafi þetta verið jafnarmál. Það séu þau ekki í dag.

„Ég held að umhverfismál eigi ekki bara að snúast um að vernda fossa og firnindi, heldur líka dýr.“

Hann segir að í skýrslunni sé einnig fjallað um hagsmunatengsl þeirra sem sinna eftirliti og þeirra sem halda dýr og að þau þurfi að vera uppi á borðum. „En það eru aðrir leiðir eins og að taka upp leyfisskyldu um að halda búfenað. Hún er ekki til staðar á landinu og ef hún yrði tekin upp þá væri hægt að svipta einstaklinga leyfi gerist þeir brotlegir lögum um dýravelferð,“ segir Ágúst.

Hann segir annað stórt vandamál þó vantraust meðal almennings til MAST.

„Það þarf að bæta eftirlitið með búfenaði á Íslandi en á sama tíma glímur MAST við vantraust meðal

almennings sem grefur undan stofnuninni og það er ein niðurstaða skýrslunnar að það þurfi mögulega að hugsa þetta upp á nýtt. Því er lagt til í skýrslunni að dýravelferð verði tekin af MAST og sett undir sérstofnun sem heyrir ekki undir MAST heldur umhverfisráðuneytið. Það væri stór breyting því stundum fara þessir hagsmunir ekki saman, matvælaframleiðsla og dýravernd,“ segir hann og að til að bregðast við þessu þurfi að stórauka upplýsingagjöf til almennings um þau mál sem MAST er að sinna.

„Fólki finnst eins og MAST sé ekki að vinna vinnuna sína og eftirlitsstofnun sem býr ekki við traust almennings er í tilvistarvanda,“ segir Ágúst.

Í skýrslunni eru lagðar fram ýmsar tillögur eins og að setja á stofn Dýravelferðarstofu Íslands, að stofna dýraathvarf, auka tíðni eftirlitsheimsóknna og þá sérstaklega óbodað eftirlit, að auka kærú og sektarheimildir og önnur þvingun-arráæði. ■

Mjög góð loðnuvertíð komin á lokasprettinn

bth@frettabladid.is

FISKVEIÐAR „Það gengur ljómandi vel,“ segir Gunnþór Ingvarsson, forstjóri Síldarvinnslunnar, um loðnuvertíðina sem er langt komin.

„Loðnan er góð. Það hefur gengið vel hjá öllum,“ segir Gunnþór.

Talið er að aðeins eigi eftir að veida um 80.000 tonn af kvótanum. Vonir standa til að ná því magni öllu, að sögn Gunnþórs.

Hann segir að vertíðin hafi verið dálítill rússíbani er kom að áætluðu magni á kvóta og breytingum á úthlutun. Niðurstaðan hafi orðið farsæl og það skipti mestu máli.

„En það er alltaf spennan á loka-



Loðnan hefur verið góð og veðrið hagstætt.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

metrunum að ná öllum kvótanum,“ segir Gunnþór. „Það hjálpar til hve tíðarfarir hefur verið gott.“

Um 140 manns hafa haft atvinnu af veiðunum bara hjá Síldarvinnslunni. Skipverjar hafa rætt hve hvalir

nálægt loðnuskipunum séu gæfir. „Það verða aðrir að tjá sig um það hvort við eigum að hefja hvalveiðar á ný,“ segir Gunnþór. „En það er ljóst að við erum öll að vinna úr sömu fæðukeðjunni.“ ■



Loðnan er góð. Það hefur gengið vel hjá öllum.



Gunnþór Ingvarsson, Síldarvinnslunni

MOTTUMARS



GRASKERSFRÆ OG SÍNK
BRENNINETLURÓT
LYCOPENE OG BETA SITOSTEROL
BURNIRÓT
FJÖLVÍTAMÍN OG STEINEFNI
D-VÍTAMÍN



 númer eitt®

STUÐLUM AÐ HEILBRIGÐUM BLÖÐRUHÁLSKIRTLI

VIÐ ERUM STOLTUR STYRKARADILI MOTTUMARS OG ÆTLUM AÐ GEFA 1.000 KRÓNUR AF HVERJU SELDU EINTAKI HJÁ SÖLUSTÖÐUM OKKAR AF BÆTIEFNABOXINU KARL 45+ Á MEÐAN Á ÁTAKINU STENDUR

Fæst í flestum apótekum, Heimkaup, Hagkaup, Fræinu Fjarðarkaup, Heilsuveri og Heilsuhúsinu Kringlunni.

30
BÆTIEFNA
SKAMMTAR
EINN POKI Á DAG

5 SÉRVALIN BÆTIEFNI
FYRIR KARLMENN
Í HVERJUM POKA

Skannaðu kóðann
til að vita meira!



Rússar og Úkraínnumenn stráfalla í orrustunni við Bakhmút

helgisteinar@frettabladid.is

ÚKRAÍNA Bæði Rússland og Úkraína hafa greint frá töluverðu mannfalli seinustu daga í orrustunni við Bakhmút í austurluta Úkraínu. Rússneski herinn hefur nú reynt í marga mánuði að hertaka bæinn.

Volodímír Zelenskíj, forseti Úkraínu, greindi frá því að 1.100 rússneskir hermenn hefðu látið lífið á seinustu dögum. Að sama skapi sögðu rússnesk yfirvöld að þau hefðu drepið 220 úkraínska her-



Hernaðarsérfræðingar segja að Bakhmút hafi lítið sem ekkert hernarlegt mikilvægi.



Úkraínskur stórskotaliðs-hermaður tekur á móti hnitum um mögulegar staðsetningar á rússneskum hersveitum í Bakhmút.

FRÉTTABLAÐIÐ/
GETTY

menn á einum sólarhring. Hvorug talan hefur þó verið staðfest af þriðja aðila.

Hernaðarsérfræðingar segja að mannfalið sé í engu samræmi við hernaðarlegt mikilvægi Bakhmút, sem sé lítið sem ekkert.

Hins vegar virðist sem bærinn hafi breyst í nokkurs konar sálfræðilegan miðpunkt í augum rússneskra yfirvalda sem vonast til að geta notað hann til að gefa almennungi í Rússlandi einhverjar góðar fregnir af gangi stríðsins. ■



Tegundin var úrskurðuð útdaud á Indlandi árið 1952. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Blettatígrar aftur í náttúru Indlands


arnartomas@frettabladid.is

INDLAND Tveimur namibískum blettatígurum, sem fluttir voru til Indlands á síðasta ári, hefur nú verið sleppt út í náttúruna. Rúmir sjö áratugir eru liðnir síðan blettatígrar voru úrskurðaðir útdaudir á Indlandi.

Tólf aðrir blettatígrar voru fluttir til Indlands frá Suður-Afríku í síðasta mánuði en yfirvöld stefna að því að flytja inn um hundrað þeirra á næsta áratug.

Talið er að síðasti blettatígurinn sem lifði frjals í Suður-Asíu hafi verið veiddur árið 1947 af indverskum prins. Var tegundin úrskurðuð útdaud á Indlandi árið 1952.

Bhupender Yadav, umhverfisráðherra Indlands, sagði á Twitter-aðgangi sínum að dýrin bæru sig vel eftir að þeim var sleppt í Kuno-þjóðgarðinum. ■



Bandarískir hermenn á heræfingum rúmlega hundrað kílómetrum sunnan við suður-kóresku höfuðborgina Seúl. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Aukin spenna á Kóreuskaganum

helgisteinar@frettabladid.is

SUÐUR-KÓREA Stærstu sameiginlegu heræfingar bandaríska og suðurkóreska hersins síðan árið 2018 hófust í gær. Æfingarnar voru ákveðnar í ljósi vaxandi spennu sem ríkir nú á Kóreuskaganum og vegna aukinna umsvifa kínverska sjóhersins.

Norður-Kóreumenn héldu sínar eigin heræfingar í mótmælaskyni og skutu meðal annars tveimur langdrægum flugskeytum úr kabát. Þarlendur ríkismíðlar segja að flugskeytin hafi flogið í tvær klukkustundir og geti slík flugskeyti hæft skotmörk í 1.500 kílómetra fjarlægð. ■



Achim Steiner, framkvæmdastjóri Þróunaráætlunar Sameinuðu þjóðanna, segir að olíuleki myndi hafa gríðarleg áhrif í Rauðahafi. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Tifandi tímasprengja í Rauðahafinu

Olíuskipið SFO Safer hefur marað yfirgefið í Rauðahafi undan ströndum Jemen, með milljón tonn af olíu um borð. Sameinuðu þjóðirnar vara við því að skipið gæti sprungið og ætla að fjarlægja olíuna úr því.

helgisteinar@frettabladid.is


JEMEN Sameinuðu þjóðirnar festu nýlega kaup á risastóru olíuskipi í von um að afstýra stórfelldu umhverfisslysi undan ströndum Jemen. Skipið mun hafa það verkefni að fjarlægja rúmlega milljón tonn af hráolíu úr öðru yfirgefnu olíuskipi sem gæti mögulega sprungið í loft upp.

Olíuskipið FSO Safer var smíðað árið 1976 fyrir japanska olíufyrirtækið Hitachi Zosen og fékk þá nafnið Esso Japan. Skipið var svo selt til jemensku ríkisstjórnarinnar árið 1987 og breyttist þá í SFO Safer. Olíuskipið var svo yfirgefið þegar borgarastríðið í Jemen hófst árið 2015 og var á þeim tímabili með heilmikla olíu um borð. Síðan þá hefur burðarvirki skipsins rýnað töluvert.

Árið 2020 voruðu Sameinuðu þjóðirnar, SP, við því að skyldi FSO Safer springa yrði olíulekinn fjórfalt meiri en þegar olía lak úr Exxon Valdez-skipinu við strendur Alaska árið 1989. Lekinn myndi hafa gríðarleg áhrif á sjávarlíflífið í rúmlega 1,7 milljónir manna á þessu svæði reida sig á fiskveiðar. Þar að auki myndi lekinn hindra bráðnaðsynlega matarað-

Vilja koma í veg fyrir stórfelldan olíuleka

Sameinuðu þjóðirnar hafa keypt olíuskip sem mun hafa það verkefni að fjarlægja 1,1 milljón tonn af hráolíu úr skipi undan strönd Jemen til að koma í veg fyrir umhverfisslys.



- Skipið geymir fjórum sinnum meira af olíu en það magn sem fór í sjóinn við Alaska í Exxon Valdez slysinu 1989.
- SP vara við því að burðarvirki skipsins sé að brotna niður og gæti skipið sprungið.
- Olíuleki myndi hafa stórfelld áhrif á fiskveiði, menga næsta umhverfi og hindra flutning á nauðsynlegum matarbirgðum til Jemen.
- Kostnaður við hreinsun á lekanum myndi nema 20 milljörðum dala.

Heimildir: UNDP, CEOS, Reuters

Myndir: SP, Apple Maps

© GRAPHIC NEWS

stöð sem tæplega helmingur íbúa í Jemen gæti ekki lifað án.

SP hafa undanfarið ár reynt að finna lausn á vandamálinu og óskað eftir fjárhagsaðstoð. Núverandi áætlun um að færa hráolíuna frá einu skipi yfir í annað mun kosta tæplega 130 milljónir Bandaríkjadala. SP hafa þegar fengið rúmlega 60 prósent af þeirri upphæð og mun fyrsti leggur verkefnisins hefjast í maí á þessu ári þegar nýkeypta skipið á að sigla frá Kína þar sem það er í slipp.

Achim Steiner, framkvæmdastjóri Þróunaráætlunar SP (e. UNDP), segir kaupin á skipinu marka mikilvægt skref í áætlun SP um að fjarlægja olíuna sem er um borð. Hann segir að einnig þurfi að fjarlægja olíuna á öruggan hátt til að forðast umhverfisslys.

„Stórfelldur olíuleki myndi gjör-samlega rústa fiskveiðisamfélögum í kringum Rauðahaf þar sem 200 þúsund störf við fiskveiðar hyrfu samtundis. Þar að auki myndi mengunin hafa bein áhrif á milljónir manna þar í kring sem væru berskjaldaðar fyrir öllum þeim eiturefnum sem eru um borð.“

Í mars 2022 veitti svo Mohammed al-Houthi, leiðtogi stjórnarsvæðis Húta í vesturluta Jemen, Sameinuðu þjóðunum leyfi til að dæla olíunni yfir í annað skip.

„Ég skal vera fullkomlega hrein-skilinn, þetta er áhættusamt verkefni og margt gæti farið úrskeiðis. Það gæti líka gerst að við þurfum að hætta við ef við náum ekki að safna nægu fjármagni,“ segir Steiner. ■

ÁSTAND HEIMSINS



Hermenn og óbreyttir borgarar á Sjálfstæðistorginu í Kijív í Úkraínu votta hinn fólnu stríðshetju Dmíjtro Kotsijúbailo virðingu sína, sem gekk undir nafninu Da Vinci.

FRÉTTABLAÐIÐ/
GETTY



Sorphirðumenn í París í Frakklandi lögðu niður störf í mótmælaskyni við áform ríkisstjórnarinnar um að hækka eftirlaunaaldurinn um tvö ár og safnast því upp rusl á strætum borgarinnar.



Fyrirhugaðar breytingar sem ríkisstjórn Ísraels hyggst gera með því að draga úr áhrifum dómstóla í landinu mæta mjög harðri mótsþyrnu almennings sem flykkst hefur út á götur í einum fjölmennustu mótmælum í sögu landsins, eins og þessum sem fram fóru í borginni Tel Aviv.



Snjóbylur næddi um íbúa við Mammoth-vatn í Kaliforníu fyrir helgi og bættist ört í snjóalög sem voru mikil fyrir í Sierra Nevada-fjöllunum.



Heimili og önnur mannvirki og eignir urðu fyrir miklum skemmdum er áin Tule flæddi skyndilega yfir bakka sína í Springville í Kaliforníu fyrir helgi. Gerðist það í kjölfar mikilla rigninga sem komu ofan í gríðarlega snjókomu á svæðinu.

Ekki komið nóg



Björk
Eidsdóttir
bjork
@frettabladid.is

I gær, 13. mars, voru fjörutíu ár liðin frá stofnfundi Kvinnalistsans. Fjórir áratugir virðast bæði stuttur og langur tími. Langur í ljósi þeirra miklu breytinga sem orðið hafa á samfélagi okkar – en stuttur þegar rætt er við þær konur sem að stofnun Kvinnahreyfingar og Kvinnalista komu, sem ég gerði við vinnslu greinar fyrir helgarblað Fréttablaðsins.

Eftir fjögurra áratuga baráttu vita þessar konur að henni er ekki lokið – en hún hefur breyst. Kvinnalistaskonur bentu á sínum tíma á hrópandi misrétti launa, erfiðar aðstæður kvenna á vinnumarkaði, fá leikskólalátt og ósýnileika kvenna í stjórnmálum.

Þær höfðu sannarlega tölulegar staðreyndir máli sínu til stuðnings, en nú liggur munurinn meira í menningarbundnum þáttum sem geta verið duldari.

Konur hafa fyrir margt löngu til jafns við karla fyllt störf á vinnumarkaði þó enn greinist óleiðréttur launamunur kynjanna rúm 10 prósent. Ein helsta skýring launamunar kynjanna er kynbundin skipting í störf en einnig eru karlar oftast í hæsta launastigi og vinna fleiri yfirvinnustundir. Á meðan enn er munur á launum kynjanna reynist mörgum erfitt að nýta sér fæðingarorlof sem skipta skal jafnt á milli foreldra, að fullu, enda laun skert á meðan á orlofi stendur. Eins getur einhleyp móðir sem á barnsföður á lífi ekki nýtt hlut föður þó að framlags hans njóti ekki við.

Um fjörutíu prósent hjónabanda á Íslandi enda með skilnaði og eru sambúðarslit þá ekki talin með. Í meirihluta skilnaða færast lögheimili barna til móður og það er enn samþykktara að faðir sé vanvirkur eða fjarverandi í uppeldi barna sinna en móðir.

Tilkynningum um ofbeldi í nánum samböndum fylgjaði um tæplega 13 prósent fyrstu sex mánuði liðins árs, samanborið við árin á undan. Í um 80 prósentum tilfella er árársaðilinn karl og í tæplega 80 prósentum tilfella er brotapolinn kona.

MeToo-bylgjan hefur heldur betur varpað ljósi á meinsemd sem lengi hefur grassað í skjóli þagnar, kynferðislega áreitni og ofbeldi þar sem konur eru oftast en ekki þolendur.

Svo er það álagið á heimilinu, þriðja vaktin: yfirsýn og ábyrgð á skipulagi fjölskyldulífsins, ósýnilegu verkefni sem ansi víða eru enn á herðum kvenna, sem auka á streitu enda varla að ástæðulausu að meirihluti þeirra sem leita til starfsendurhæfingarsjóðsins VIRK séu konur.

Meirihluti þeirra sem útskrifast úr háskóla eru konur. Það er að mörgu leyti dæmi um frábæran árangur baráttu undanfarinna ára – en það er bara ekki nóg. ■

”
Meirihluti þeirra sem útskrifast úr háskóla eru konur. Það er að mörgu leyti dæmi um frábæran árangur baráttu undanfarinna ára – en það er bara ekki nóg.

HALLDÓR



FRÁ DEGI TIL DAGS

benediktboas@frettabladid.is
gar@frettabladid.is

Múlbundnir ríkisstarfsmenn

Gary Lineker, þáttarstjórnandi á BBC, hefur gagnrýnt bresk stjórnvöld harðlega á samfélagsmiðlum og neitað að biðjast afsökunar á að hafa líkt flóttamannastefnu stjórnvalda við stefnu Þýskalands árið 1930. Hann var settur til hliðar fyrir og stýrði ekki vinsælasta fótboltaþætti heims um helgina. Fannst mörgum það skrytið enda England ekki Norður-Kórea eða Kína. Ekki er þó langt síðan Helgi Seljan, sem þá starfaði hjá RÚV, var skammaður fyrir sína notkun á samfélagsmiðlum. Starfsfólk RÚV er nefnilega líka múlbundið á samfélagsmiðlum.

Svipleig örlög

Katrín Jakobsdóttir hefur í fimm ár veitt ríkisstjórn Íslands forstöðu. Á þeim tíma hefur ýmislegt borið til tíðinda. Covid lék þjóðina og fjárhirslur ríkisins grátt og Rússar réðust inn í Úkraínu með tilheyrandi áhrifum á efnahagskerfi heimsins. Þó hafa umsvif hér aukist ásamt því að vistvæn orkuframleiðsla hér innanlands fer aðallega til þungaiðnaðar. Af þeim sökum hefur innflutningur á mengandi olíu til landsins aldrei verið meiri. Sem eru svipleig örlög fyrir hinn græna framboðsflokk forsætisráðherra. Og þrátt fyrir göfug markmið íslenskra stjórnvalda í loftslagsmálum virðist síst þokast í rétta átt í þeim efnunum. ■

Sel ekki dýrar en keypti



Björn Levi
Gunnarsson
þingmaður Pírata

Fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar fyrir árið 2023 á að koma út eftir 2 vikur, ef allt gengur tímanlega. Þar verður sennilega margt forvitnilegt að finna, en í ljósi sögunnar ættum við að geta spáð fyrir um ýmsa þætti áætlunarinnar. Til að mynda ætla ég að spá því að þar verði ríkisútgjöld aukin að einhverju leyti. Ráðherrar munu stæra sig af stóru auknum framlögum, að aldrei hafi verið settur jafn mikill peningur í heilbrigðisþjónustu og menntakerfið og svo framvegis og framvegis.

Samt sem áður verða þessar útgjaldaaukningar sennilega innihaldslausar. Í fyrsta lagi vegna þess að það er óvíst að þessi áætlun standist yfir höfuð vegna efnahagsástandsins, og í öðru lagi vegna þess að nema að aukningarnar haldi í við og fari umfram verðbólgu ársins í ár og þess næsta kemur allt út á nulli í besta falli eða í mínus í versta falli. Íslenska krónan verður verðlausari með hverju árinu sem líður og þá þarf hærri krónutölu til þess að kaupa sömu vörur og þjónustu.

Síðasta þjóðhagsspá gerði ráð fyrir 1,8% hagvexti á árinu 2023 og 2,5% hagvexti árið 2024, en hann mældist nokkuð hærri árið á undan, 2022, eða 6,4%. Það mun hækka öll útgjöld ríkisins, sem er nokkuð undarlegt. Verðbólga átti að verða 5,6% á árinu og 3,5% á næsta, sem er ólíklegt að standist – í ljósi þess að verðbólga mælist nú 10,2%. Það mun auka ríkisútgjöld í krónum talið, sem er eðlilegt.

En það þýðir ekki aukin útgjöld í verðmætum talið. Ef það er 10% verðbólga en fjárframlög eru aukin um 5% er það alla jafna skerðing á fjárframlögum – þegar litið er á stóru myndina, að minnsta kosti. Svo er talsvert flóknara að meta hvar og hvernig fjárframlög ríkisins aukast eða hjaðna – því það eru ekki allir útgjalda-liðir háðir verðbólgu. Stór hluti er til að mynda háður launaþróun. Í því ljósi er vert að merkja að nú þegar hafa talsmenn verkalýðsfélaga lýst því yfir að forsendur þeirra kjarasamninga sem gerðir voru í desember 2022 séu í raun brostnar; að í rauninni sé um kjaraskerðingu að ræða í ljósi verðbólgunnar.

Við sjáum hvað setur þegar fjármálaáætlun birtist – en þegar hún verður kynnt þurfum við að passa að leyfa yfirlýsingaglöðum ráðherra að selja okkur hana ekki dýrar en þeir keyptu hana. Það eru allar líkur á að þeir hafi fengið hana á slíkk. ■

”
Ef það er 10% verðbólga en fjárframlög eru aukin um 5% er það alla jafna skerðing á fjárframlögum.

Kynntu þér dreifingu Fréttablaðsins



Skannaðu kóðann í
snjalltækinu þínu

Nánari upplýsingar
www.frettabladid.is/stodsdir/dreifing

Frítt

Það sem ESB- og evru-umræðan snýst um



Ole Anton Bieltvedt samfélagsrýnir og alþjóðlegur kaup-sýslumaður

Diljá Mist Einarsdóttir, ungur þingmaður Sjálfstæðisflokks, skrifar grein í blaðið 9. marz með fyrirsögninni „ESB og evran til bjargar“. Fjallar hún þar um verðbólguástandið hér og í ýmsum Evrópulöndum svo og nokkra þætti efnahagsmála. Greinir hún sumt vel og rétt, annað ekki. Enn annað í hennar málflutningi vekur furðu.

Hún segir, að verðbólga hér sé af öðrum toga, en verðbólgan í öðrum Evrópulöndum. Það er rétt.

Svo segir hún, að vaxtaþróenta í ESB, væntanlega í evru-löndunum 26, sé jafn misjöfn og löndin eru mörg. Þarna reynir Diljá að villa um fyrir lesendum, eða þá veit hún veit ekki betur, því ECB, Evrópski seðlabankinn, ræður stýrivöxtum í þessum 26 löndum, og þeir gefa auðvitað tóninn um það, hverjir vextir viðskiptabanka eru, þó að þeir sveiflist nokkuð á frjálsum bankamarkaði, þar sem full samkeppni ríkir, andstætt fákeppninni hér.

Stýrivextir í evru-löndum eru nú 3,0%, hér 6,5%, en verðbólga í Evrópu og hér 10%, eins og þingkonan segir réttilega, en hún fer ekkert í saumana á því, af hverju vextir séu helmingi hærrí hér, við sömu verðbólguástandi. Skyldi það ekki vera krónu/evru-spurning?

Það, sem vekur undrun við lestur greinar þingmannsins, er sú fullyrðing, að ESB-leiðtogar beri ábyrgð á orkukrisunni í Evrópu. Þingmaðurinn virðist ekki átta sig á, að Pútín, innrás Rússa í Úkraínu, er orsök tímabundinnar orkukreppu í Evrópu.

Diljá yfirsézt líka, hver kjarni málsins í umræðunni um ESB/evru-málin er.

Hún virðist telja, að úttektin og matið á því, hvort Íslendingar eigi að ganga að fullu í ESB og taka upp evru, skuli byggjast á því, hvernig gengur með fulla ESB-aðild og evru í öðrum löndum.

Þetta er grundvallarmisskilningur! Slík úttekt og mat verður fyrst og fremst að byggjast á því, hvernig Íslandi vegnar, annars vegar, utan ESB með krónu, og hins vegar, hvers vænta mætti, ef við værum með fulla ESB-aðild og evru; Ísland utan ESB og með krónu versus Ísland í



ESB með evru hlýtur að vera samanburðurinn.

Þróun og staða í öðrum löndum, í ESB eða utan, með eða án evru, skipta hér engu höfuðmáli, því öll eru þessi lönd ólík, bæði fólk/fólksfjöldi, bakgrunnur og saga, landfræði og landgæði, loftslag, atvinnuvegir og aðrar aðstæður.

Rétt er líka að áréttta, að meginorsök verðbólgu á meginlandi Evrópu er stórhækkað orkuverð, margföldun þess, í kjölfari Úkraínustríðsins, og, að þessi vandi er að miklu leyti ekki til staðar hér, og er þar með ekki verðbólguvaldur hér, því vatnsaflsraforkan okkar og heitt vatn hefur ekki hækkað. Verðbólguvaldurinn hér er því allt annar. Fer nánar í það í annarri grein.

Af tilefni greinar Diljár Mistar vil ég enn einu sinni rifja upp helztu punktana, sem gilda, þarf að skoða og greina, varðandi mögulega ESB-aðild okkar og upptöku Evru:

1. Í gegnum EES- og Schengen-samningana erum við nú þegar 80–90% í ESB, en án áhrifa og valda; við erum hvorki með þingmenn á Evrópuþinginu, kommissar, ráðherra, í Brussel né aðgang að umræðu og ákvörðunum.
2. Með fullri aðild fengjum við sex þingmenn á Evrópuþingið,

kommissar í Brussel, eins og öll hin aðildarríkin, og setu við borðið.

3. Eins og öll aðildarríkin fengjum við neitunarvald gagnvart öllum helztu stefnumálum og ákvörðunum sambandsins. Við gætum látið rödd okkar heyrast og tryggt okkar eigin hagsmuni.
4. Ætla má, að við myndum halda fullum yfirráðarétti yfir okkar auðlindum, fiskimiðum, eins og Malta, þegar hún varð aðildarríki.
5. Ég tel líka, að við gætum tryggt hagsmuni og stöðu íslensks landbúnaðar við inngöngu, eins og Fínum og Svíum tókst, vegna „norrænnar legu“.
6. Með evru myndum við vita, hvað við eigum og skuldum. Hvorutveggja myndi haldast stöðugt og óbreytt.
7. Vaxtakostnaður einstaklinga, fyrirtækja, sveitarfélaga og ríkisins myndi haldast lágur; að meðaltali þriðjungur af krónuvöxtum.
8. Heildarvaxtasparnaður lántakenda landsins gæti numið um 300 milljörðum á ári (heildarskuldsetning landsmanna 6.000 milljarðar, vextir hér 4–6% yfir vöxtum í evrulöndum).
9. Vextir á lánum myndu ekki breytast, hækka, við stýrivaxta-

hækkani, svo lengi sem lána-samningar væru í gildi.

10. Íbúðakaupendur myndu ekki þurfa að greiða íbúðir sínar 3–4 sinnum, með vöxtum, eins og hér, en íbúðakaupendur evrurlanda greiða þær 1,5 sinnum.
11. Erlendar smásölukeðjur og -bankar kæmu hér inn, sem myndi stórauka samkeppni og lækka vöruverð og þjónustugjöld.
12. Erlendir fjárfestar myndu koma hér inn og örva uppbyggingu og tryggja auknar framfarir og velsæld.
13. Ef við getum ekki tryggt okkar hagsmuni við samningaumeitanir, förum við ekki inn.

Það væri fróðlegt að vita, hvað þingkonan telur um þessi 12–13 atriði!! Skjót svör vel þegin.

Lars Jonung, hagfræðiprófessor og einn helzti fræðimaður Evrópu í gengisstefnumálum, sem var fenginn til að vinna álitserð um gjaldmiðlamál Íslands, ályktaði: „Þið væruð mun ríkara land með annað peningakerfi, en það kerfi sem þið hafið haft síðustu hundrað árin.“

Þarna bar hagfræðingurinn saman krónu og evru.

Telur alþingiskonan unga sig kannske vita betur? Það væri þá gott, að heyra um það! ■

Þingmaðurinn virðist ekki átta sig á, að Pútín, innrás Rússa í Úkraínu, er orsök tímabundinnar orkukreppu í Evrópu.

Mikilvægt afnám óþurftarreglu



Ólafur Ísleifsson hagfræðingur og fv. alþingismaður

Frá árinu 1996 hefur bönkum og öðrum innlánsstofnunum verið óheimilt að bjóða upp á verðtryggingu á innlánsreikningum nema innstæðan sé bundin að lágmarki til þriggja ára.

Verðbólga herjar á landsmenn. Þeir sem vilja koma sparifé sínu í verðtryggt skjól hafa ekki mátt leggja það á verðtryggðan reikning nema féð sé læst inni í þrjú ár.

Þessi regla felur í sér höft á viðskipti og er til óþurftar. Reglan er ekki náttúruleg mál eins og ég benti á í grein á þessum stað í blaðinu 6. október sl. og hvatti til að hún yrði felld brott. Mun það hafa verið í fyrsta sinn um allangan tíma sem hreyft var við þessu máli.

Seðlabankinn tilkynnti fyrr í þessum mánuði að reglan falli niður frá 1. júní.

Frá 1994 þurftu innstæður að vera bundnar í eitt ár til að njóta verðtryggingar. Í greinargerð með frumvarpi til vaxtalaga 1995 segir



að ríkisstjórnin áformaði að vinna að því að draga úr verðtryggingu í áföngum. Var því Seðlabankanum falið að lengja lágmarkstíma verðtryggðra innstæðna og lána.

Þarna er rötin: Til að draga úr vægi verðtryggingar (sem er dulmál um staðfastan ásetning um að gera ekki neitt) fyrir tæpum þremur áratugum var binditími verðtryggðra innstæðna lengdur úr einu ári í þrjú ár.

Hefur þetta atriði leitt af sér minna vægi verðtryggingar? Telja má fullreynt eftir tæpa þrjú áratugi að svo er ekki.

Aukin vernd fyrir neytendur? Nei, þvert á móti. Heimilin hafa

mátt bera verstu ágalla verðtryggingar en ekki fengið að njóta hagráðs af henni.

Bankarnir ættu að vera einfærir um að sjá um eigin áhættustýringu. Benedikt Gíslason bankastjóri Arion fagnar breytingunni í viðtali við Viðskiptablaðið.

Með því að fella brott þriggja ára regluna er því látið af óþörfum ríkisafskiptum af frjálsum skiptum fólks við viðskiptabanka sína.

Reglan er á valdi Seðlabanka Íslands að fengnu samþykki ráðherra. Hana mátti fella brott með einu pennastriki og sú hefur orðið raunin. Vel gert. ■

AUGLÝSING UM DEILISKIPULAG

Í samræmi við 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér með auglýst lýsingu á nýju deiliskipulagi í Borgarbyggð.

Kleppjárnsreykir skólasvæði

Skipulags- og byggingarnefnd, sem fer með fullnaðarafgreiðsluvald sveitarstjórnar skv. samþykkt um stjórn Borgarbyggðar, samþykkti þann 3. mars 2023 að auglýsa lýsingu á nýju deiliskipulagi fyrir skólasvæði Kleppjárnsreykja í Borgarbyggð.

Ofangreind lýsing er aðgengileg á heimasíðu Borgarbyggðar www.borgarbyggd.is frá 14. mars til og með 28. mars 2023.

Hverjum þeim aðila sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að koma með ábendingar við auglýsta skipulagslýsingu og er frestur til að skila inn ábendingum til 28. mars 2023. Ábendingum skal skila skriflega í Ráðhús Borgarbyggðar, Digranesgötu 2, 310 Borgarnesi, b.t. skipulagsfulltrúa eða á netfangið skipulag@borgarbyggd.is.

Borgarbyggð, 14. mars 2023.

Skipulagsfulltrúi Borgarbyggðar



BORGARBYGGÐ

SPÁMIÐILL
ER BYRJUÐ AFTUR.

- SPÁÍ Í SPIL OG KRISTALSKÚLU
MÉÐ HJÁLPAÐ HANDAN
- HEILUN

ÞÓRA FRÁ BREKKUKOTI
S. 660 8301

Nudd Nudd Nudd

Slökunarnudd í miðbæ
Reykjavíkur. Lausir tímar.
Sími 694 7881, Janna.

FRAMTALSADSTOÐ -
BÓKHALDSPJÓNUSTA

Þjóðum einstaklingum framtals-
aðstoð og fyrirtækjum alhliða
bókhalds og uppgjörsþjónustu.

Góð þjónusta á sanngjörnu verði.

Uppl. í síma
8548080/5168080
retta.is
olafur@retta.is



Reita ráðgjafa- og
bókhaldsþjónusta

Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is



Kassaritarar
á tilboði

Gítarar og
hljómborð
í miklu úrvali

Verð við allra hæfi

Fyrir fólk í leit af
nýjum tækifærum

Skannaðu mig

Samfélagssáttmáli um aðgengi allra
að opinberri heilbrigðisþjónustu

Bjarni Jónsson
Þingmaður
Vinstri grænna

Hér á landi höfum búið við traust
opinbert heilbrigðiskerfi þar sem
öll eiga sama rétt til þjónustu óháð
efnahag og stöðu. Áhyggjuefni er
hve langir biðlistar eru eftir aðgerð-
um, að fólk standi frammi fyrir því
að leggja út í mikinn kostnað til að
komast í aðgerðir utan almenna
heilbrigðiskerfisins. Það eru fjárút-
lát sem sum okkar ráða einfaldlega
ekki við, enda viljum við ekki sam-
félag þar sem samfélagssáttmáli um
jafnt aðgengi allra að heilbrigðis-
þjónustu er rofinn, án aðkomu hins
opinbera mun framboð af aðgerð-
um innan einkageirans því frekar
nýtast efnafólki og ekki reynast sú
blessun sem einhverjir horfa til.

Við sjáum í fjölmiðlum að stjórn-
endur ríkisrekinnna sjúkrahúsa
óttast að sjúkrahúsin veikist ef sér-
fræðingar fari í enn ríkara mæli til
einkarekinnna fyrirtækja. Læknar
og annað heilbrigðisstarfsfólk ótt-
ast að samhliða aukinni útvistun
læknisaðgerða til einkaaðila muni
Landsþítalinn og aðrar heilbrigðis-
stofnanir missa frá sér starfsfólk.
Okkar helstu stofnanir búa nú þegar
við alvarlegan mönnunarvanda en
fram hefur komið að hér vanti m.a.
röntgenlækna, skurðhjúkrunar-

„
Þá er vert að muna að
vel mannaðar sjúkra-
stofnanir og fjöl-
breyttar aðgerðir eru
grundvöllur þess að
sjúkrahúsin okkar séu
góðar menntastofn-
anir fyrir heilbrigðis-
starfsmenn framtíðar-
innar.

fræðinga og hjúkrunarfræðinga
til þess að manna legudeildir, tóm
legupláss og ónýttar skurðstofur.
Það getur því orðið til að auka enn
á vandann og lengja biðlista að
missa gott starfsfólk úr opinberri
starfsemi. Þá er vert að muna að vel
mannaðar sjúkrastofnanir og fjöl-
breyttar aðgerðir eru grundvöllur
þess að sjúkrahúsin okkar séu góðar

menntastofnanir fyrir heilbrigðis-
starfsmenn framtíðarinnar.

Forstjóri Landspítalans hefur
varað við því að farið verði stjórn-
laust í átt til einkavæðingar. Í
minum huga er ótækt að ráðast
í frekari útvistun verkefna úr
almenna heilbrigðiskerfinu til
einkaaðila án stefnumarkandi
ákvarðana sem lúta að því að einka-
væða íslenska heilbrigðiskerfið.
Það er ekki þjóðarvilji fyrir slíku.
Í mínum huga mun sú vegferð að
útvista í ríkara mæli aðgerðum til
einkaaðila aðeins auka kostnað
sjúklinga, kostnað ríkisins af rekstri
heilbrigðiskerfisins og mönnunar-
vandann á okkar helstu sjúkra-
stofnunum. Fjármunir sem annars
rynnu til aðgerða á tónum skurð-
stofum hjá opinberum heilbrigðis-
stofnunum renni til annars og
dýrara kerfis utan þeirra. Það má
vel semja við einkaaðila til skamms
tíma á meðan hið opinbera kerfi
nær vopnum sínum og til að stytta
biðlista, en til lengri tíma verður að
 tryggja í hvívetna öflugt opinvert
heilbrigðiskerfi, um það er þjóðar-
sátt. Engum hugnast að hér verði
til nýtt kerfi byggt á einkavæðingu
heilbrigðisþjónustu. ■

Börn eiga betri byggingar skilið



Ragnhildur Alda
Vilhjálmstöð
borgarfulltrúi
Sjálfstæðis-
flokksins

Nú stefnir í enn meira neyðarástand
í leikskólamáli í Reykjavík vegna
starfsskerðingar eða lokunar fjölda
leikskóla sem hafa orðið myglu og
áratuga löngu viðhaldsleysi að bráð.
Þrátt fyrir siendurtekin loforð Sam-
fylkingarinnar um að brúa bilið
milli fæðingarorlofs og leikskólans
hefur innritunaráldur raunar farið
hækkandi á mörgum leikskólum
og nú stefnir í að börn komist ekki
að fyrr en hátt í þriggja ára gömul í
einhverjum leikskólum. Viðhalds-
fælni meirihluta Samfylkingarinnar
virðist vera inngróin í erfðamengi
hennar enda hafa bæði leikskóla- og

grunnskólabyggingar verið illa hirt-
ar síðan 2008. Samfylkingin hefur
innleitt metnaðarleysi í málefnum
barna í borginni sem birtist ekki
síst í skólabyggingum og umhirðu
þeirra.

Fyrir stuttu síðan rakst ég á
myndir frá sumrinu 1957 af borgar-
stjórahjónunum Gunnari Thorodd-
sen og Völu Ásgeirsdóttur ásamt
Auði Auðuns borgarfulltrúa, síðar
meir fyrsta kvenkyns borgarstjóra
Reykjavíkur (öll frá Sjálfstæðis-
flokki), þar sem þau ganga á löngum
dregli við hátiðlega athöfn í Mela-
skóla í tilefni heimsóknar finnsku
forsetahjónanna. Saga Melaskóla
er fyrir margt mjög merkileg en þá
kannski sérstaklega fyrir það hversu
táknrænn skólinn er fyrir ríkjandi
viðhorf í uppbyggingu barnaskóla
sem og annarra opinberra byg-
ginga á þessum tíma. Þegar ákveðið
var byggja Melaskóla í stríðslok var
öllu tjaldað til og okkar færasta fólk
fengið til að hanna og skreyta skól-

ann af listaverkum. Skólalald hófst
1946 í reyndar ókláruðum skóla en
afraksturinn var þessi glæsilega
bygging utan um okkar dýrmætasta
fólk.

Byggingin þótti svo mikil prýði
að í fleiri áratugi lék skólinn lykil-
hlutverk í móttöku erlendra þjóð-
höfðingja eins og finnsku forseta-
hjónanna en einnig má nefna að
þegar þeir Gorbatsjov og Reagan
komu hingað til lands til að ljúka
kalda stríðinu fundum við sama-
stað í Melaskóla fyrir alla erlendu
ljósmyndarana sem fylgdu með til
að sýna þeim okkar bestu hliðar.
Þá má hafa í huga að þegar skólinn
var byggður voru borgar- og ríkis-
sjóður alls ekki jafn digrir og nú en
metnaðurinn fyrir reykvísk börn
var þess meiri. Margar bygginganna
sem byggðar voru á þessum tíma og
í þessum samfélagslega anda (t.d.
Austurbæjarskóli) standa enn sem
tímalausar og glæsilegar vörður í
sögu Reykjavíkur.

Mér þykir stundum gleymast að
borgir eru líka söfn og það eru þess-
ar byggingar sem og litlu bárujárns-
húsin sem trekkja að og segja sögu
íbúa borgarinnar. Allt eru þetta
miklar menningarminjar að mínu
mati og fyrir vikið hefur sinnu-
leysi borgaryfirvalda gagnvart
Melaskóla verið sérlega dapurlegt.
Í áraradír hafa skólastjórnendur
og kennarar kallað eftir viðhaldsfé
til skólans og listaverkum hans og
varað við afleiðingum þessa hirðu-
leysis.

Mygla á þar sérstakan sess
líkt og í flestum skólabyggingum
borgarinnar, ofan á allt hitt. Nú á
að fara í viðhaldsátak í skólabyg-
gingum borgarinnar sem svo sem er
vonarglæta í annars myrkri sögu
tæplega 15 ára viðhaldsleysis en
átök og áætlanir hafa oftast reynst
villuljós. Sjálfstæðismenn þurfa að
komast í meirihluta í borgarstjórn
og endurverkja metnaðinn til betri
bygginga fyrir börn. ■



FORLAGIÐ

Alltaf opið á www.forlagid.is

ÞRIÐJUDAGUR 14. mars 2023



Skúli Bragi Geirdal heldur fræðslufund fyrir foreldra um samfélagsmiðla í kvöld. **FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI**

Samfélagsmiðlar fyrir fullorðna

starri@frettabladid.is

Fræðslufundur fyrir foreldra um samfélagsmiðla verður haldinn í Hlíðunni við Gufunesbæ í Grafarvogi í kvöld en þar mun Skúli Bragi Geirdal, fjölmiðlafræðingur og verkefnastjóri miðlalæsis hjá Fjölmiðlanefnd, halda erindi.

Skúli var einmitt einn gesta í Silfri Egils síðasta sunnudag á RÚV þar sem áhrif samfélagsmiðlanotkunar á börn og ungmenni voru rædd en þátturinn hefur vakið mikla athygli.

Á fundinum í kvöld skoðar Skúli hvernig algóritmar samfélagsmiðla virkar, hvað þarf að hafa í huga varðandi samskipti á netinu, áreiti frá ókunnugum og deilingu nektarmynda og ýmsa aðra þætti.

„Það er okkar hlutverk sem foreldra að undirbúa börnin okkar sem best til þess að takast á við lífið og tilveruna, segir Skúli.

Allt annað umhverfi

„Umhverfi okkar í dag er allt annað en það var fyrir 30 árum síðan þegar Wi-fi, Bluetooth og samfélagsmiðlar voru ekki hluti af veruleika okkar. Afleiðingarnar af því að senda börnin út í umferðina á netinu án þess að kenna þeim umferðarreglurnar geta verið gríðarlega alvarlegar.“

Fundurinn hefst klukkan 19 og stendur yfir í klukkutíma. Aðgangur er ókeypis. ■



Apena Þöll með marsípankökuna góðu sem er þakin saltkaramellu. Apena segir auðvelt að gera kökuna og að hún passi við öll tækifæri. **FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR**

Boltinn á hilluna fyrir kokkinn

Apena Þöll Gunnarsdóttir stundaði knattspyrnu með unglingslandslíðinu og hafði hugsað sér framtíðina í boltanum þegar hún féll fyrir kokkinum og hóf nám í matreiðslu, sem hún lauk síðasta vor. Nú stefnir hún á bakaranám. **2**

Alla daga
gegn kulda og sól



Apótek, Hagkaup og Fjarðarkaup
www.celsus.is



Elin
Albertsdóttir
elin
@frettabladid.is

Aþena Þöll er aldamótubarn, fædd árið 2000. Hún byrjaði ung að spila fótbolta með FH og lék með liðinu til sextán ára aldurs þegar hún færði sig yfir til Hauka en síðan lá leiðin á Álftanesið. Í stað þess að fara alla leið í íslenska kvennalandsliðið helgaði hún kokkallandsliðinu krafta sína sem aðstoðarmaður. Hún hefur aðstoðað landsliðið á nokkrum mótum, nú síðast á heimsmeistaramótinu í matreiðslu í Lúxemborg í desember þar sem liðið hafnaði í sjötta sæti. Hún stefnir á að fylgja landsliðinu alla leið á Ólympíuleikana í Stuttgart sem haldnir verða í febrúar 2024 og er undirbúningur þegar hafinn. Aþena Þöll er yngsti meðlimur landsliðsins.

Ætlaði í arkitektúr

Það var fyrir einskæra tilviljun að Aþena hóf nám í matreiðslu. Hún var nemandi í Tækniskólanum og hugðist stefna á nám í innanhússarkitektúr. Meðfram náminu réð hún sig til starfa hjá veitingahúsinu Fiskfélaginu. Þar uppgötvaði hún kokkaheiminn og féll gjörsamlega fyrir honum. „Það var allt skemmtilegt við þetta starf,“ segir hún. „Mig langaði rosalega mikið að verða einn af kokkunum í eldhúsinu og elda mat. Það hafði ekki verið plan hjá mér áður,“ segir hún.

Aþena komst fljótt á samning hjá Fiskfélaginu og hefur klárað námið með glæsibrag. „Mig hefur lengi langað til að læra að verða bakari og var alltaf að baka kökur þegar ég var yngri á milli þess sem ég spilaði fótbolta. Þetta tvennt átti hug minn allan. Ég lauk matreiðslunáminu síðastliðið vor en ákvað fyrir stuttu að slá til og láta gamla bakara-drauminn rætast,“ segir hún en Aþena fékk samning hjá Gunnlaugi Arnari Ingasyni bakara sem rekur bakarið Hjá Gulla í Hafnarfirði. Aþena Þöll er Hafnfirðingur og af mikilli Gaflarafjölskyldu en af hennar er Þórarinn Jón Magnússon, fyrrverandi ritstjóri og eigandi Samútgefunnar.

Þurfti að velja á milli

Aþena þurfti að velja á milli fótboltans og kokkastarfsins því það fór ekki vel saman. „Það er mikil kvöld- og helgarvinna á veitingahúsum sem er sami tími og í boltanum. Mig langar samt mikið að halda áfram í boltanum og vona að ég geti spilað eitthvað með bakaranáminu í sumar. Ég sakna boltans mikið,“ segir hún. „Ég er komin með góðan grunn fyrir bakaranámið og þarf einungis að taka tvö ár í verklegu námi og tvær annir í bóklegu. Það er nokkuð mikill munur að vinna í bakari eða á veitingastað. Hvað ég geri síðan er óvíst en hugurinn stefnir til útlanda að læra konditori, til dæmis í Danmörku,“ segir þessi metnaðargjarna stúlka en henni finnst mjög gaman að útbúa eftirrétti. „Mér finnst reyndar öll vinna í eldhúsi vera mjög skemmtileg.“

Starf matreiðslumanns var lengi vel karllægt starf en það hefur breyst mikið undanfarin ár enda hefur konum fjölgað ört í stéttinni. Aþena segir að sér hafi alltaf verið mjög vel tekið á Fiskfélaginu. Staðurinn er þekktastur fyrir sjávarrétti og sushi en býður einnig upp á ýmsa kjötrétti. Aþena segist hafa verið mikið í að gera sushi sem henni þykir virkilega gaman að gera.

Aþena er morgunkona og kvíðir því ekki að vakna nánast um miðja nótt til að fara í vinnu og baka brauð og kökur. „Ég hef unnið á mismunandi vinnutíma og allt venst þetta,“ segir hún en mikið hefur verið að gera hjá Aþenu á undanförunum árum. „Ég er mikil fjölskyldumanneskja, vil bara



Aþena Þöll er alin upp í Hafnarfirði og lærir nú bakstur hjá Gulla bakara sem getið hefur sér gott orð fyrir gómsætar kökur. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Kokkallandsliðið með Aþenu sem aðstoðarmann stóð sig vel í Lúxemborg í desember og náði sjötta sætinu.



Boltastelpa sem ætlaði sér alla leið í knattspyrnu.

77 Ég er komin með góðan grunn fyrir bakaranámið og þarf einungis að taka tvö ár í verklegu námi og tvær annir í bóklegu.

Aþena Þöll Gunnarsdóttir

hanga heima með fjölskyldunni þegar ég er í frii enda er samheldnin mikil. Ég fer þó alltaf í ræktina,“ bætir hún við.

Eftirréttur ársins

Aþena ætlar að gefa lesendum uppskrift að marsipantertu með saltkaramellu sem hún segir að sé mjög einfalt að gera. „Þetta er kaka sem allir geta gert og hægt að bera fram við hvaða tækifæri sem er, upplögð um páskana eða á fermingarborðið,“ segir hún. „Ég gerði þessa köku þegar ég tók þátt í keppninni Eftirréttur ársins 2018 og hlaut þriðja sætið. Það var fyrsta keppnin sem ég tók þátt í sem kokkanemi. Ég stefni á að taka aftur þátt í þessari keppni á næsta ári og líka Köku ársins,“ segir Aþena sem er alveg með metnaðinn í lagi. ■

Marsípankaka með saltkaramellu

200 g smjör
4 egg
200 g marsípan
120 g púðursykur
80 g sykur
20 g hveiti
100 g möndlumjöl

Best væri að nota matvinnsluvél en hræivél virkar líka. Stillið ofninn á 180°C. Skerið marsípan í bita og blandið saman við möndlumjöl þar til marsípan er ekki lengur í bitum. Öllu þurrefni er bætt við og blandað saman við. Bræðið smjórið og bætið við. Loks fara eggin út í, eitt í einu, og hrært á milli. Smyrjið formið sem þið ætlið að nota. Deigið ætti ekki að vera hærra en um 2 cm. Bakið kökuna í 30 mínútur.



Saltkaramella

200 g sykur
50 g vatn
150 g rjómi
70 g smjör
2 tsk. gróft salt

Sykur og vatn er sett saman í pott, passa að vatnið hylji allan sykurinn. Potturinn fer svo á hæsta hita. Gott er að reyna sleppa því að hræra í sykrunum. Meðan sykur og vatn karamellast er gott að sigta rjóma og smjör sitt í hvora skálina. Þegar sykurinn er orðinn að karamellu eða næstum brúnn er rjómanum bætt við og tekið af hitanum. Notið sleikju til að blanda rjómanum saman við. Smjörinu er bætt við ásamt saltinu, byrjið á einni teskeið og smakkað, ef þið viljið meira saltbragð þá bætið við teskeið af saltinu. Karamellan fer ofan á marsípankökuna. Toppað með ristudum möndluflögum og flórsykri.

Marsípankökuna má bera fram volga og karamelluna líka. Hægt er að bera kökuna fram með rjóma, ís, berjum eða hverju því sem ykkur dettur í hug.

m&m's

MEÐ
BÍÓMYNDI



Trúnóbekkur og kryddjurtabur í sumargarðinn



Sjöfn
Þórðardóttir
sjofn
@frettabladid.is

Björn Jóhannsson, landslagsarkitekt hjá Urban Beat, segir síðasta ár hafa verið magnað og að þau hafi aldrei séð eins marga garða byggjast upp með hugmyndafræði Urban Beat, sem snýst um að hanna þannig að jafnskemmtilegt sé að vera úti í garði og inni, helst allan ársins hring.

Við fengum Björn til að ljósra upp því sem verður heitast í garða-hönnun á nýju ári.

„Við höfum unnið með ýmsar nýstárlegar hugmyndir en fyrir fjórum árum leit kampavinsveggurinn dagsins ljós. Það er fastur veggur í barborðshæð þar sem hægt er að leggja frá sér diska, bolla og kampavinsglös. Á síðasta ári var þessi hugmynd tekin enn lengra og byggður garður þar sem þemað var kampavín og samkvæmi. Sá garður fékk nafnið kampavinsgarðurinn enda í eigu þeirra sem eiga og reka Kampavinsfélagið. Kampavinsgarðurinn var svo tekinn sérstaklega fyrir í þætti Sjafnar Þórðar, Mat og heimilum, þar sem ferlinu öllu voru gerð góð skil. Þar var eigendum, hönnuði og verktökum fylgt eftir allt frá fæðingu hugmynda að fyrstu garðveislunni,“ segir Björn og bætir við að þetta sé eitt af því sem verður heitt á nýju ári.

„Í hönnun og framkvæmdum ársins 2022 var áberandi hvað garðeigendur vildu fá tækifæri til að eyða meiri tíma í garðinum. Þeir vildu aukna möguleika til afþreyingar og tók hönnun mið af því. Þannig verður hægt að nýta garðinn mjög vel að sumri, en einnig á öðrum tímum. Þar spila stærstu rulluna smáhýsi, skýli, gróðurhús, geislahitarar, heitir pottar, sánur og útielldhús. Þannig er hægt að slappa af, stunda íþróttir og elda góðan mat í garðinum þótt sólin sé ekki hátt á lofti.“

Kryddjurtabur og trúnóbekkur Hvað spáir þú að verði áberandi í hönnun garða og framkvæmdum á nýju ári?

„Fyrir marga er kampavinsveggurinn gömul frétt en hann kom fyrst fram á sjónarsviðið þegar ég flutti heim frá Svíþjóð með aragrúa af skemmtilegum hugmyndum. Þetta er í raun bara venjulegur veggur í sömu hæð og barborð, með góðri borðplötu og breidd sem rúmar snittur, björkonnur og að sjálfsögðu kampavín, kælifötu og glös. Kampavinsveggurinn fékk á síðasta ári tvo arftaka og munu þeir verða áberandi á því næsta. Annar mun breyta talsvert möguleikum til matargerðarlistar utandyra en það er kryddjurtaburinn sem er upphækkað gróðurbed útfært þannig að auðvelt sé að sjá þar um nokkrar vel valdar kryddjurtir. Staðsetning er að sjálfsögðu í nágrenni útielldhússins og því auðvelt að grípa lófafylli af uppáhalds blaðkryddinu og strá yfir steikina eða salatið,“ segir Björn.

Hinn arftaki kampavinsveggisins er trúnóbekkurinn sem fékk nafn sitt á aðalfundi Félags skrudgarðyrkjumeistara þegar þeir fengu að skoða nýhannaðan garð í sýndarveruleika.

„Kampavinsgarðurinn varð fyrir valinu sem sýnisdæmi í sýndarveruleika og þegar garðyrkjumeistararnir settu upp sýndarhjálminn upphöfst skemmtilegt samtal um þennan veisluvæna garð. Eitt af því sem prýðir garðinn er innbyggður bekkur með hallandi baki og sléttri sylu efst á bakinu. Þar má leggja frá sér glös, matardiska og annað gagnlegt. Eftir nokkra umræðu fékk bekkurinn nafnið Trúnóbekkurinn því þeim þótti upplagt að nýta hann í lok veislunnar fyrir trúnaðarsamtöl og þá má leggja frá




Björn Jóhannsson spáir því að kampavinsveggurinn fái tvo arftaka á árinu; kryddjurtaburinn og trúnóbekkurinn þegar kemur að nýjungum í garðahönnun.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ERNIR



Sumargarðurinn er paradís með hengirúmi og aðstöðu fyrir öll líffins ævintýr.



Trúnóbekkur er nauðsyn á fallegum sumardögum.



Notalegt svæði fyrir krakka til að njóta líffins í rólegum takti eftir önnur skemmtileg ærsl og gleði.



Garðurinn er að verða sannkallað spa-svæði og krafan um æfingasvæði í garðinum æ algengari. Sumir hafa útbúið gervigrassvæði með lóðum, ketilbjöllum og öðrum lyftingabúnaði.

sér síðasta drykk kvöldsins á glasa-sylluna. Við gerum ráð fyrir áframhaldandi þróun og skemmtilegri útfærslu trúnóbekksins á næsta ári,“ segir Björn og brosir.

Útielldhúsið á næsta stig

Fyrir tuttugu árum var nóg að finna skjólgóðan stað fyrir grillið og eiga góða hlíf til að skella yfir þegar það var ekki í notkun. Auk þess var grillið aðallega notað á sumrin og geymt inni í bílskúr yfir vetrartímum. Fyrir áratug færðist svo í aukana að grilla allt árið og þá þurfti að vera pláss fyrir grillið, smá vinnusvæði og staður til að geyma grillið eða skýla því á veturna.

„Í fyrra voru svo aðstæður fyrir grill og útielldhús hreinlega komnar á annað og hærra plan. Það þurfti að vera pláss fyrir gasgrill og kolagrill ásamt vinnuborði með góðu gólfplássi til að athafna sig. Þar átti einnig að vera pláss fyrir lítinn gasdrifinn pítsaofn og helst það stórt þak að svæðið rúmaði pláss

fyrir fjögurra til sex manna borð til að snæða við. Þannig er ekkert mál að borða úti þegar aðeins dropar úr skýjum. Við spáum því að þessi þróun muni halda áfram og geymslur fyrir mat, vaskar, sambyggðar geymslur fyrir grillið og ýmis búnaður sem ekki hefur sést utandyra verði meira áberandi í útielldhúsum landsmanna,“ segir Björn.

Íþróttasvæði og spa í garðinn

Árið 2022 var árið sem dekur íslensku sundlauganna færðist inn í garðinn. Heiti potturinn hefur verið gríðarlega vinsæll síðustu áratugi en með áhrifum frá Norðurlöndunum og víðar hafa bæst við kaldur pottur, sána og útisturta.

„Garðurinn er að verða sannkallað spa-svæði. Með auknum vinsældum CrossFit-æfinga sem heilsubótar verður krafan um æfingasvæði í garðinum algengara. Sumir hafa svo útbúið lítið gervigrassvæði með lóðum, ketilbjöllum og öðrum lyftingabúnaði. Við sjáum fyrir okkur að á árinu verði íþróttahlutinn tekinn enn lengra. Í flestum gördum má reisa 15 fermetra smáhýsi sem fólk hefur nýtt sér á ýmsan hátt. Það má til dæmis sjá fyrir sér spinninghjól sem snýr að stórum útsýningslugga og upphifingastangir fyrir þá allra hörðustu. Svo má taka svæðið fyrir utan smáhýsið og þekja með tartanefni eða gervigrasi,“ segir Björn.

Róleg afþreying fyrir krakka

Síðustu áratugi hefur verið ofuráhersla á tækifæri til ærslafullra

leikja með rólum, köstulum, og öðrum hreyfihvetjandi leiktækjum.

„Fyrir nokkrum árum tókum við eftir að trampólínin, sem lengi hafa verið vinsælustu leiktækin í gördum, voru ekki bara notuð í hopp og ærsl, heldur áttu krakkarinn það til að liggja hlið við hlið á mjúkri hoppudýnunni, horfa upp í himin og kjafta um heima og geima. Þannig fæddist sú hugmynd að kannski þurfi krakkar líka tækifæri til að hanga eins og fullorðna fólk. Þar koma rólubekkurinn og klassíska hengirólan sterkt inn.“

Sjá garðinn í sýndarveruleika

Vert er að geta þess að þau hjá Urban Beat sýna öll verkefni sín í sýndarveruleika.

„Árið 2019 byrjuðum við að vinna með tölvuleikjatekni og sýndarveruleika og 2022 kláruðum við að færa öll verkefni yfir á þetta form. Þannig fá allir viðskiptavinir okkar tækifæri til að upplifa garðinn í sýndarveruleika og aðgang að svæði á netinu þar sem hægt er að ganga í gegnum garðinn líkt og í tölvuleik. Sýndarveruleiki er orðin venjulega leiðin til þess að sýna verkefni okkar. Á næsta ári munum við halda áfram að þróa þessa tækni og ekki mun líða langur tími þar til hægt verður að skoða garðsvæðin í viðbættum veruleika. Þannig mun viðskiptavinurinn geta beint myndavél snjallsímans að svæði í garðinum og sjá á skjánum hvernig svæðið mun líta út,“ segir Björn og er orðinn afar spenntur fyrir framtíðinni. ■

Æðislegt útielldhús með yfirbyggðu þaki, plássi fyrir gasgrill og kolagrill, góðu vinnuborði og geymslum fyrir mat og drykk.

MYNDIR/ÞSENDAR



HEILSUBRAUT

ÞRIÐJUDAGA KL. 19.30 OG AFTUR KL. 21.30

Fræðandi og skemmtilegur þáttur þar sem hjúkrunarfræðingurinn Helga María heimsækir ýmsa heilsueflandi starfsemi.

Í þættinum í kvöld ræðir Helga María við Dr. Kristínu Sigurðardóttur slysa- og bráðalækni um seiglu, streitu og endurheimt. Einnig fer Helga María út að leika með Höllu Karen Kristjánsdóttur íþróttakennara og Bertu Þórhalladóttur þjálfara.



HRINGBRAUT

Stórveldið sem varð að lokum sjálfu sér verst

KR, sigursælasta lið efstu deildar karla í körfubolta, er fallið niður í 1. deild. Margir þættir spila saman í því að þetta er raunin og þarf þessi deild félagsins nú að fara í ítarlega greiningu á því hvað betur megi fara.



Aron
Guðmundsson
aron
@frettabladid.is

KÖRFUBOLTI Hrafn Kristjánsson, fyrrverandi þjálfari KR sem varð tvöfaldur meistari með liðinu árið 2011, segir fall félagsins úr deild þeirra bestu vera persónulegt áfall fyrir marga og ekki bara KR-inga. Í samtali við Fréttablaðið rýnir hann í stöðu félagsins á þessum tímapunkti, fer yfir það sem á undan hefur gengið og hvað tekur við.

„Til að byrja með þá er þetta fáheyrdur fjöldi leikmanna sem dettur út hjá liðinu í byrjun tímabils, reyndir leikmenn sem erfitt er fyrir reynslulitinn þjálfara liðsins, Helga Má Magnússon, að eiga við,“ segir Hrafn við Fréttablaðið. „Leikmannamarkaðurinn er að sama skapi erfiður, að fá leikmenn til Íslands er ákveðin kúnst. Það verkefni að fá inn nýja leikmenn fyrir allan þennan fjölda sem þurfti frá að hverfa er hluti ástæðunnar fyrir því hvernig fór hjá liðinu.“

Áhættan raungerðist

Í stóra samhenginu hafi körfuknattleiksdeild KR á sínum tíma tekið mjög meðvitaða ákvörðun um að stefna alltaf á einn hlut, að enda alltaf efst allra liða á Íslandi.

„Sú vegferð sem félagið fór í í kjölfarið er fordæmalaus, sex Íslandsmeistararitlar í röð og titill á öðru hverju ári þar á undan. Það er eitt-hvað sem hefur ekki sést áður og er algerlega stórkostlegur árangur. Til að svona lagað gangi upp þarf að spenna bogann ansi hátt og taka ákveðnar áhættur. Það er nánast ómögulegt að halda úti svona svakalega árangursdrifnu prógrammi nema liðið fari í gegnum allar umferðir úrslitakeppninnar og í úrslit á hverju einasta ári til að afla nægilegs fjármagns til að loka hverju tímabili fyrir sig.“

Sú áhætta féll um sjálfa sig að sögn Hrafnar þegar öllu var lokað og keppni hætt tímabilið 2019–2020 vegna Covid-19 heimsfaraldursins.

„Þegar það gerist hefðu aðrir þættir þurft að grípa liðið í fallinu eða alla vega mýkja það eitthvað. Til að mynda hefði mögulega mátt breyta markmiðasetningu liðsins fljótlega eftir að áhrif Covid-lokana komu í ljós, það var ekki gert og í staðinn ákveðið að halda áfram á sömu braut þó svo að forsendurnar væru kannski ekki fyllilega til staðar. Að sama skapi var yngri flokka starf félagsins ekki á þeim stað að geta fleytt nægilega mörgum sterkum leikmönnum upp í meistaraflokk.“

Um tviæggið sverð sé að ræða. „Ef þú ætlar þér alltaf að tefla fram besta liðinu, ætlar þér alltaf að vinna til verðlauna þá ertu í rauninni að skapa umhverfi þar sem erfitt er fyrir unga leikmenn, aðra en þá sem eru algjörlega í efstu hillunni, að fá sín tækifæri. Þeir leikmenn leita þá að tækifærum annars staðar. Það hefur því sína kosti og galla að keyra liðið áfram á þessari stefnu.“

Heimakjarninn var lykillinn

Nú tali fólk oft um að KR hafi keypt sér sína meistararitla.

„Staðreyndin er náttúrulega sú að alltaf, að baki hverjum einasta Íslandsmeistararitli, hefur liðið með bestu íslensku leikmennina staðið uppi sem sigurvegari. Bestu íslensku leikmenn KR voru, að langmestum hluta til, uppaldir leikmenn. Heimakjarni leikmanna sem kunni að vinna, það ber að virða. Þegar það er ekki til staðar er bara mjög erfitt

að vinna. KR hefur oft en einu sinni orðið Íslandsmeistari með Bandaríkjamann í sínu liði sem ekki endilega er úr allra efstu hillu. Þetta hefur ekki snúist um að fá inn einhvern erlendan meistara til þess að vinna fyrir sig titil, þetta hefur alltaf snúist um heimamenn og uppvalda leikmenn. Svona fall raungerist ekki nema margir þættir bregðist á sama tímamarki og þetta brotthvarf íslenskra leikmanna og lítil endurnýjun er einn þeirra þátta.“

Það megi ekki reynmeta áhrif þess að KR missti reynslumikla leikmenn eins og Brynjar Þór Björnsson, Matthías Orra Sigurðsson og Björn Kristjánsson úr leikmannahópnum.

„Burt séð frá því hvernig meiðslastadan er eða hversu öflugir þeir eru sem leikmenn akkúrat á þeim tímamarki. Þú þarft alltaf þessar raddir inni í klefanum sem vita hvað þarf til að ná árangri og passa að hópurinn fljúgi ekki of hátt eða sökki of djúpt eftir því hvernig tímabilið þróast. Leikmenn sem vita til að mynda hvenær og hvernig þarf að grípa í taumana þegar ungrir og efnilegir drengir eða reynslulitlir, erlendir atvinnumenn hlaupa út undan sér. Að auki var það auðvitað risaáfall þegar Þórir Þorbjarnarson hélt út í viking í byrjun Íslandsmeistarabóts.“

Small ekki um leið

Að því sögðu hafi líka verið gerð mistök á yfirstandandi tímabili. Útlendingamálin hafi til dæmis alls ekki gengið upp. Að hans mati sé mjög mikilvægt að þau lið í efstu deild sem talið er að lendi jafnvel í vandræðum verði að koma á fullri ferð inn í mótið og ná í stig snemma á tímabilinu til að styrkja stöðu sína fyrir seinni hluta tímabils þegar allt er undir.

„Það gerðu Breiðablik og Höttur til dæmis, þau lið mættu sterk og vel samhæft til leiks og unnu sér inn stig meðan stærri liðin voru enn að koma sínum liðum saman og ná takti í sinn leik. Svokölluð stærri lið eru oft rólegri í tíðinni í upphafi

tímabils, taka tíma í að fullklára hlutina og eru öruggari um að geta verið á réttum stað með sína hóp á réttum tíma.“

Til að þetta gæti gengið upp hjá KR hefði liðið þurft að ná þessu réttu strax í byrjun tímabils, hitta á réttu liðsmyndina frá fyrsta leik. Fyrst það gekk ekki eftir varð fljótlega einsýnt að þetta yrði ákveðin þrautanga.“

Lítill þórðargleði

Hrafn hefur djúpstæða tengingu við KR og hefur upplifað þar margar af bestu minningum sínum á þjálfaraferlinum.

„Þetta er persónulegt áfall fyrir öll þau sem hafa tekið þátt í þessu starfi KR á einhverjum tímamarki og telja sig KR-inga. Ég held um leið að þetta sé ákveðið áfall fyrir ansi marga, eiginlega alla. Maður verður varla var við einhverja þórðargleði, ég bjóst við svona hundrad sinnum meira áreiti yfir því að KR félli úr deildinni af því að KR hefur í gegnum tíðina verið félag og körfuknattleiksdeild sem hefur haft lúmskt gaman af því að fólk „hati“ liðið og árangur þess.“

Ég held að KR-ingar hafi verið tilbúnir í að fá holskeflu af háði yfir sig við þetta tækifæri en ég hef bara ekki orðið mikið var við það. Ég hef séð meira af því að stuðningsmenn annarra liða á samfélagsmiðlum hafi nánast sýnt samúð eða hluttekningu. Fólk sem finnst skritið að þurfa að horfa á efstu deild í körfubolta án þess að KR sé þar á meðal. Þetta er mjög sérstakt ástand, mjög sérstök tilfinning sem maður finnur innra með sér.“

Hvaða tilfinningar bærast hjá þér persónulega gagnvart þessari stöðu?

„Mér finnst þetta náttúrulega afleitt og við getum alveg útvíkkað þetta eitthvað innan félagsins. Við erum að horfa á eitt fornfrægasta íþróttafélag á Íslandi með eitt lið í efstu deild í boltaíþróttum beggja kynja samanlagt. Þetta er einhvern veginn félag sem býið er að inniloka inn í lítið, stórkostlegt hverfi þar sem meðalaldur er að hækka,



KR er sigursælasta lið efstu deildar í körfubolta hér á landi með 18 Íslandsmeistararitla.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Þetta er persónulegt áfall fyrir öll þau sem hafa tekið þátt í þessu starfi KR á einhverjum tímamarki og telja sig KR-inga.



Hrafn Kristjánsson, fyrrverandi þjálfari karlalíðs KR í körfubolta

sem öðruvísi hefðu mátt vera, ákvarðanir sem maður vildi geta tekið til baka og mistök sem vert er að læra af. Ég er alveg viss um að það eigi við í tilfelli Helga Máls líka.

Að mínu mati er Helgi efni í hörkupjálfa, það er bara spurning hvort hann telji 1. deildina í körfubolta með KR rétta sviðið til þess að taka næstu skref í sínum þroska sem þjálfari og á sama tíma hvort körfuknattleiksdeild KR telur að þjálfari með hans eiginleika smellpassi í það verkefni sem biður í 1. deild. Helgi hefur fullt af verkfærum í sinni tösku og næga þekkingu til þess að vera frábær þjálfari, í mínum huga er það engin spurning.“

Ekki víst að KR fari beint upp

Hrafn býr að reynslu frá því að þjálfari lið í 1. deild og þekkir umhverfi deildarinnar mjög vel.

Inn í hvernig umhverfi er KR að fara í deildinni?

„Það fer mjög mikið eftir því hvaða ákvarðanir verða teknar á ársþingi KKÍ, hvaða umhverfi KR er að fara að stiga inn í. Eins og 1. deildin horfir við mér í ár og árin þar á undan er alls ekki sjálfgefið að KR stoppi aðeins við í eitt ár og hoppi beint upp aftur.“

Í 1. deildinni er töluvert af liðum með metnað sem kunna að taka inn réttu erlendu leikmennina sem henta vel í þessa keppni og bíða gríðarlega spennt eftir að fá Reykjavíkurstórveldið í heimsókn. Það eru einfaldlega hverfandi fáir auðveldir leikir í þessari deild.

Þetta verða leikirnir sem merkt verður sérstaklega við á dagatölunum hjá flestum af liðum deildarinnar. Það er meira en að segja það að gera sér ferð í Borgarnes eða á Hornafjörð, ef bæði þessi lið eru enn í deildinni næsta tímabil, og ná í sigur. Þetta verður alvöru verkefni fyrir KR og algjört lykilatriði fyrir liðið að festa þessa yngri leikmenn sína sem hafa verið að komast aðeins inn á gólfid í vetur og sannfæra þá um að taka þátt í því verkefni að koma uppeldisfélaginu aftur upp í efstu deild sem allra fyrst.“ ■

stækkunarmöguleikar eru takmarkaðir og einhvers konar ástand myndast sem erfitt er að eiga við. Það eru greinilega djúpstæð vandamál til staðar varðandi til dæmis fjárflokkun, fjölda iðkenda, aðstöðu til æfinga og fleiri þætti sem ég ræð ekki við að telja upp eða leysa í þessu spjalli. Góðu fréttirnar eru hins vegar þær að körfuknattleiksdeild KR og félagið allt er smekktfullt af hæfileikaríku og áhugasömu fólki sem á án efa eftir að snúa bókum saman og finna framtíðarlausnir á þessum áskorunum.“

Helgi geti orðið frábær þjálfari

Helgi Már Magnússon, goðsögn í sögu körfuknattleiksdeildar KR og margfaldur meistari með liðinu, fékk það krefjandi verkefni að stýra KR á yfirstandandi tímabili.

Er hann rétti maðurinn til þess að leiða liðið áfram?

„Ég þekki það vel úr mínu starfi að falla úr efstu deild og hvaða tilfinningar fylgja því. Þegar maður litur yfir farinn veg og yfirstaðið tímabil sér maður fullt af hlutum

Arnar Þór tók upp símann og hringdi í Albert

Arnar Þór Viðarsson, landsliðsjálfari Íslands í knattspyrnu, hefur rétt fram sáttarhönd í deilum við Albert Guðmundsson, leikmann Genoa. Þetta herma öruggar heimildir Fréttablaðsins en nýr landsliðshópur verður kynntur á morgun.

hordur@frettabladid.is.

FÓTBOLTI Albert Guðmundsson sem leikur í næstefstu deild á Ítalíu gæti komið aftur inn í landsliðshóp Íslands í knattspyrnu. Forsaga málsins er sú að síðasta haust ákvað Arnar Þór að hætta að velja Albert í landsliðshópinn. Sagði hann sóknarmanninn hafa sýnt slæmt hugarfar í verkefnum á undan og að hann ætti ekki skilið sæti í hópnum á meðan hann væri ekki til í að leggja sig allan fram, sama í hvaða hlutverki hann væri.

Frá þeim tíma sem Arnar tók þessa ákvörðun höfðu engin samskipti átt sér stað á milli þeirra fyrr en á dögum. Samkvæmt öruggum heimildum hafði Arnar Þór frumkvæðið og hringdi í Albert sem spilað hefur frábærlega síðustu vikur á Ítalíu. Kannaði Arnar hug leikmannsins til mögulegrar endurkomu í landsliðshópinn fyrir leiki gegn Bosníu og Liechtenstein í undankeppni Evrópumótsins. Miðað við fyrri orð Arnars er möguleg endurkoma Alberts á þeim forsendum að hann sé reidubúinn að leggja sig allan fram, sama hvort hann sé í byrjunarliðinu eða á varmannabekknunum. Arnar tekur líklega endanlega ákvörðun í dag um hvort hann velji Albert í 23 manna leikmannahóp sinn.

Albert í góðu formi

Sóknarmaðurinn spilar í næstefstu deild á Ítalíu með Genoa en hann hefur verið í herbúðum félagsins í rúmt ár. Genoa er í harðri baráttu um að komast upp í efstu deild og situr um þessar mundir í öðru sæti deildarinnar. Albert hefur á þessu tímabili spilað 29 leiki og skorað í þeim níu mörk og lagt upp fimm. Hann hefur því komið að marki að meðaltali á 154 mínútna fresti. Sóknarmaðurinn hefur fengið mikið lof fyrir frammistöðu sína og reyndu félög í efstu deild á Ítalíu að kaupa hann frá Genoa í janúar.

Albert, sem er fæddur árið 1997, hefur spilað 33 A-landsleiki en honum hefur þó mistekist að verða algjör lykilmáður í liðinu. Albert hefur í heildina skorað sex mörk fyrir landsliðið en þrjú af þeim mörkum komu í leik gegn Indónesíu þar sem fólk þar í landi fékk að velja í liðið, tvö mörk komu gegn Liechtenstein og eitt gegn Ísrael. Þessi hæfileikaríki leikmaður hefur því aðeins skorað í þremur landsleikjum. Albert hefur hins vegar



Arnar Þór virðist ætla að reyna að ná sáttum við Albert Guðmundsson eftir að hafa hent honum úr landsliðshópnum síðasta haust.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ANTON BRINK

Tímalína málsins

Júní 2022

Í verkefni landsliðsins síðasta sumar fara að heyrast sögur úr herbúðum liðsins um að ósætti sé milli þjálfarteymisins og Alberts. Hann er sakaður um leti á æfingum og spilatími hans í verkefnum er miklu minni en í verkefnum á undan. Út á við neitar Arnar Þór því að nokkuð sé að en síðar átti eftir að koma á daginn að sögurnar voru á rökum reistar.

Nóvember 2022

Aftur velur Arnar Þór landsliðshóp og Albert er ekki í hópnum, hann lætur hafa eftir sér að honum þætti eðlilegra að frumkvæðið að endurkomu væri hjá Albert. Arnar útilokar þó ekki að eiga frumkvæðið sjálfur en ítrekar að möguleg endurkoma verði að vera á forsendum þjálfarans og með hag liðsins í fyrirruði.

September 2022

Arnar Þór tilkynnir landsliðshóp fyrir komandi verkefni og Albert er settur út úr hópnum. Þjálfarinn segist ekki velja leikmenn sem leggja sig ekki fram.

„Ég var mjög svekktur út í hugarfar Alberts í síðasta glugga. Það er mikill heiður að vera valinn í landsliðið og menn þurfa að vera 100% með, eða ekki. Þetta er ákvörðun sem ég tek fyrir þennan glugga en ég loka ekki neinu í framtíðinni. Þegar Albert er tilbúinn að vinna innan þess ramma sem ég set þá er pláss fyrir hæfileikaríka menn eins og hann,“ sagði Arnar Þór þá.

Mars 2023

Arnar Þór tekur upp símann og hringir til Alberts á Ítalíu, rétt er um stöðu mála og það kemur í ljós á morgun hvort þessi sáttfundur í gegnum síma hafi borið árangur.



Ég var mjög svekktur út í hugarfar Alberts í síðasta glugga.

Arnar Þór Viðarsson,
í september 2022

aldrei spilað betri fótbolta en núna og ákveði Arnar Þór Viðarsson að velja hann aftur gæti hann komið inn með mikið sjálfstraust og reynst sterkt vopn þegar ný undankeppni fer afstað.

Hverjir verða í hópnum?

Ef Albert Guðmundsson verður í hópnum yrðu það stærstu tíðindin en fleiri endurkomur eru í kortunum. Eftir meidlsli hefur Alfreð Finnbogason náð vopnum sínum og hefur spilað vel með Lyngby í dönsku úrvalsdeildinni. Allar líkur eru á því að hann verði í hópi Arnars sem kynntur verður á morgun. Óvissa er í kringum Birki Bjarnason sem ekki hefur spilað í rúman mánuð með Adana Demirspor í Tyrklandi. Birki hefur ekki verið í leikmannahóp liðsins í síðustu leikjum eftir að stór jarðskjálfti reið yfir landið. Hann hefur sést æfa í Noregi undanfarið, Birki hefur verið í litlu hlutverki hjá Adana á þessu tímabili og aðeins byrjað tvo deildarleiki af þeim 24 sem búnir eru. Birki er leikjahæsti leikmaður í sögu Íslands. ■

UTAN VALLAR

Staða lykilmanna á miðsvæðinu áhyggjuefni



Hörður Snævar
Jónsson
hordur
@frettabladid.is

Arnar Þór Viðarsson mun á morgun opinbera nýjan landsliðshóp sinn fyrir komandi verkefni í undankeppni Evrópumótsins. Undankeppnin fer öll fram á þessu ári og í boði er farmiði á lokamótið sem fram fer í Þýskalandi sumarið 2024.

Eins og fram kemur hér að ofan hefur Arnar Þór opnað dyrnar fyrir endurkomu Alberts Guðmundssonar. Mál Alberts hefur fengið mikla umfjöllun síðustu mánuði eftir að Arnar Þór sagði hugarfar Alberts ekki nógu gott og sökum þess ætti hann ekki skilið sæti í landsliðshópnum. Hvort Arnari

hafi tekist að bera klæði á vopnin og fá Albert til að breyta hugarfari sínu gagnvart landsliðinu kemur í ljós á morgun.

Miðsvæðið er líklega stærsti hausverkurinn fyrir Arnar Þór farandi inn í þetta verkefni. Birki Bjarnason hefur ekki spilað í rúman mánuði í Tyrklandi og er því ekki í góðri leikæfingu, Birki verður 35 ára gamall innan tíðar en hann er leikjahæsti leikmaður í sögu landsliðsins. Aron Einar Gunnarsson er í leikbanni í fyrsta leiknum gegn Bosníu og þá hefur Ísak Bergmann Jóhannesson fengið

fá tækifæri hjá FC Kaupmannahöfn á undanförunum vikum. Fróðlegt verður að heyra svör Arnars um það hvernig leysa skal málin á miðsvæðinu.

Elías Rafn Ólafsson, markvörður FC Midtjylland í Danmörku, spilar ekkert þessa dagana. Elías var fyrsti kostur Arnars í markið framan af en meiddist og hefur ekki náð að koma sér aftur í liðið í Danmörku. Allar líkur eru á því að Rúnar Alex Rúnarsson verði maðurinn sem Arnar treystir á áfram enda hefur hann spilað mjög vel í Tyrklandi á þessu tímabili.

Íslenska landsliðið vantaði á síðasta ári aferandi markaskorara, Alfreð Finnbogason ætti að geta leyst það vandamál en markamaskínan er komin á fulla ferð með Lyngby í Danmörku eftir meidlsli. Munar um minna fyrir íslenska liðið.

Fyrir utan Birki Bjarnason eru allir aðrir lykilmenn liðsins á mjög góðum stað og hafa spilað mikið og vel síðustu vikurnar. Miði á Evrópumótið í Þýskalandi er ekki svo fjarlægur draumur ef liðið fer vel af stað í næstu viku en fyrsti leikurinn gegn Bosníu er ansi mikilvægur. ■

MERKISATBURÐIR

44 f.kr. Casca og Cassius ákveða, kvöldið fyrir morðið á Júlíusi Sesar, að Markús Antoníus fái að lifa.

313 Jin Huaidi, keisari í Kína, er tekinn af lífi.

1647 Bæjaraland, Köln, Frakkland og Svíþjóð skrifa undir vopnahlé í Ulm.

1885 Óperan Mikado eftir Gilbert og Sullivan frumsýnd í Lundúnum.

1911 Kristján Jónsson verður ráðherra Íslands.

1933 Verkamannafélagið á Akureyri hindrar uppskipun á tunnum úr norska skipinu Novu vegna kjaradeilu.

1939 Slóvakía lýsir yfir sjálfstæði vegna þrýstings frá Þjóðverjum.

1950 Steingrímur Steinþórsson verður forsætisráðherra.

1964 Jack Ruby er sakfelldur fyrir morðið á Lee Harvey Oswald.

1981 Tommaborgarar opna dyr sínar í Reykjavík.

2005 Milljón mótmælir í Sedrusbyltingunni í Beirút í Líbanon.



Hagyrðingur leitar flytjanda að íslenskuðum Danny boy

Hagyrðingurinn Snorri Aðalsteinson sendi nýlega frá sér sína fyrstu ljóðabók, stútfulla af uppsöfnuðu efni. Hann leitar nú að áhugasömum söngvara til að tækla þýðingu sína á írskum klassiker.

arnartomas@frettabladid.is

Snorri Aðalsteinson frá Vaðbrekku í Hrafnkeldal sendi nýlega frá sér sína fyrstu ljóðabók, Gullvör. Þar má finna ljóð og lausavísur eftir Snorra sem teygja sig yfir ansi langt tímabil.

„Ég hef verið að semja meira og minna alla ævi,“ segir Snorri sem er sextíu og eins árs gamall. „Ragnar Ingi Aðalsteinson, föðurbróður minn, benti mér á að þegar maður er orðinn sextugur þá sé tímabært að opinbera það sem maður hefur verið að fást við. Það er algjörlega honum að kenna að þessi bók er komin út.“

Snorri segir að Ragnar Ingi eigi mikið inni í baráttunni fyrir hefðbundna ljóðforminu.

„Hann lætur engan í friði sem er með í skúffunum sínum eitthvað sem honum finnst bitastætt,“ segir Snorri. „Það jók manni heilmikið sjálfstraust þegar maður sem hefur verið doktorsritgerð í íslenskri bragfræði hælir kveðskap hjá manni og telur að hann eigi fullt erindi hjá almenningi.“

Hagyrðingar og harmonikkur

Kveðskapurinn í Gullvör segir Snorri að taki á sigurum og vonbrigðum í lífi hans. Bókinni er skipt í þrjá hluta: Ljóð og lausavísur, ljóð á ensku og ljóð af hagyrðingamótum.

„Efni bókarinnar spannar kannski tímann frá því að ég var tuttugu og fimm ára eða þegar maður var farinn að hafa eitthvert vald á kveðskap,“ segir hann. „Að alast upp í Vaðbrekku í Hrafnkeldal var umhverfi sem var frjótt fyrir slíka hugsun.“

Viðtökur við Gullvör segir Snorri hafa verið góðar og að það gleði hann sérstaklega hvað lesendur tengja við ólík ljóð bókarinnar. Hluti af kveðskapnum er upprunninn á hagyrðingamótum sem Snorri hefur tekið þátt í í gegnum árin.

„Félag harmonikkunnenda á Hornafirði byrjaði með hagyrðingakvöld á Smyrlabjörgum í Suðursveit,“ segir Snorri um kvöldin sem hafa verið fjögur til þessa. „Þetta hefur vakið feiknar



Snorri gaf bókina sjálfur út í fyrra. MYND/ÞSEND



Að alast upp í Vaðbrekku í Hrafnkeldal var umhverfi sem var frjótt fyrir slíka hugsun.

lukku og oftar en ekki hefur verið húsfylli. Það var þá sem ég uppgötvaði hvar er best að fara með kveðskap, því oft fær hann misgóðar undirtektir, en þarna ertu með tvö hundruð manns sem eru komnir til að hlusta á kveðskap.“

Í fjarska flautur kalla

Meðal þess sem er að finna í bók Snorra er íslensk þýðing hans á írsku ljóðinu Danny boy eftir Frederic Weatherly sem er jafnan sungið í ballöduformi af mikilli angurværð.

„Ég er mjög ánægður með þessa

Danny boy

Drengur minn – í fjarska flautur kalla, að fjallabaki læðast niður í byggð. Þig seiða burt er sumri fer að halla, sama hverju líður hjartans tryggð.

Ef áttu leið, þá allt er grænt um haga, eða þegar vetrarstormur hrín. Ég verð hér bjarta jafnt sem dimma daga, drengur minn – og mun ætíð sakna þín.

þýðingu mína því hún er samin eftir hefðbundnum reglum án þess að vera mjög hallærisleg,“ útskýrir Snorri. „Ég vil endilega koma því á rekspöl að mig langar að finna einhvern sem treystir sér til að syngja þessa þýðingu mína.“

Meðfylgjandi má finna brot úr þýðingu Snorra á ljóðinu sem bíður spennur eftir að söngfluglar biti á agnið. ■



Útfararstofa Íslands

www.utfarin.is • Auðbrekku 1, Kópavogi

Sólarhringsvakt: 581 3300 & 565 5892

Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað



Sverrir Einarsson
S: 896 8242



Jóhanna Eiríksdóttir



Jón G. Bjarnason
S: 793 4455



Útfararstofa Hafnarfjarðar

www.utfararstofa.is • Dofrahellu 9b, Hafnarfirði



Útfararþjónusta í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkyningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á timamot@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5055.



Elskaður eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,
Stefán Ragnar Jónsson
hárskeri,

lést 8. mars sl. Jarðarförin auglýst síðar.

Anna Þórdís Bjarnadóttir
Ómar Stefánsson **Arnheiður Skæringsdóttir**
Hanna Sigríður Stefánsd. **Vilhjálmur Hörður Guðlaugss.**
Jón Þorgrímur Stefánsson **Kristín Ásta Matthíasdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn



Hjartkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir og afi,
Einar Runólfsson

lést sunnudaginn 19. febrúar sl. á líknardeild Landspítalans. Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Þórunn Guðbjörnsdóttir
Runólfur Óskar Einarsson
Þórólfur Björn Einarsson **Jóhanna Björk Gísladóttir**
Bjarki Valur Þórólfsson **Sævar Hugl Þórólfsson**



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
Eiríkur Skjöldur Þorkelsson
mjólkurfræðingur,

lést miðvikudaginn 8. mars. Útför fer fram frá Bústaðakirkju mánudaginn 20. mars kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á líknarfélög.

Sigrún Skaftadóttir
Anna Eiríksdóttir **Hermann G. Bridde**
Elin Eiríksdóttir **Rebekka, Sigrún, Eiríkur, Silja, Sandra, Axel og Hafalda Elin**



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
Jón Oddur Friðriksson
frá Gróustöðum,

lést á Barmahlíð Reykhólum 6. mars. Útför hans fer fram frá Garpsdalskirkju föstudaginn 17. mars kl. 13.

Friðrik Jónsson **Hugrún Einarsdóttir**
Stefán Jónsson **Bergsveinn Reynisson**
barnabörn og barnabarnabörn **Bára Borg Smáradóttir**

Hljóðsettu lífið upp á nýtt



Beltone Imagine™ – *hágæða heyrnartæki*

Hljóðheimurinn er stór hluti lífs okkar. Við hjálpum þér að njóta hans með hágæða heyrnartækjum sem bæta lífsgæði þín til muna. Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánuð til reynslu. Það gæti verið farmiðinn þinn inn í ævintýraheim hljóðsins.

Kringlunni • sími 568 7777 • heyra.is

HEYRNARSTÖÐIN



SJÓNVARPSDAGSKRÁ

HRINGBRAUT

- 18.30 Fréttavaktin Fréttir dagsins í opinni dagskrá
- 19.00 Matur og heimili
- 19.30 Heilsubraut
- 20.00 Undir yfirborðið Ásdís Olsen fjallar hispurslaust um mennskuna, tilgang lífsins og leitina að hamingjunni og varpar ljósi á allt sem er falið og fordæmt.
- 20.30 Fréttavaktin
- 21.00 Matur og heimili

RÚV SJÓNVARP

- 13.00 Fréttir með tákn-málmálstúlkun
- 13.25 Heimaleikfimi
- 13.35 Kastljós
- 14.00 Útsvar 2017-2018
- 15.10 Enn ein stöðin
- 16.00 Með okkar augum
- 16.35 Kiljan
- 17.15 Menningarvikan
- 17.45 Mamma mín
- 18.00 KrakkaRÚV
- 18.01 Pósturinn Páll
- 18.16 Jasmin & Jónbi
- 18.23 Drónarar
- 18.45 Krakkafréttir með tákn-málmálstúlkun
- 18.50 Lag dagsins
- 19.00 Fréttir
- 19.25 Íþróttir
- 19.30 Veður
- 19.35 Kastljós
- 20.05 Kveikur
- 20.50 Fullkomin pláneta - Skyggst á bak við tjöldin Við skyggnumst bak við tjöldin við gerð heimildarþáttaðar BBC um jörðina, fjölbreytileika hennar og náttúruöflin sem móta lífið hér.
- 21.00 Síðasta konungsríkið Fimmta og síðasta þáttaröð þessara ævintýralegu spennuþátta sem gerast á Englandi á síðari hluta niundu aldar. Stríðsmaðurinn Uhtred er staðráðinn í að endurheimta ríki sitt en hann er ekki sá eini sem ágirnast það. Aðalhlutverk: Alexander Dreymon, Eliza Butterworth og Arnas Fedaravicius.
- 22.00 Tiufréttir
- 22.15 Veður
- 22.20 Kveikjupunktur Breskir spennuþættir. Lana Washington er sprengjusérfræðingur hjá lögreglu í Lundúnum. Hún hættir lífi sínu nánast daglega en þarf að gæta þess að eiga eðlilegt líf þegar hún stimplar sig út.
- 23.10 Sæluríki
- 23.55 Dagskrárlok

SJÓNVARP SÍMANS

- 12.00 Dr. Phil
 - 12.47 The Late Late Show
 - 13.27 The Block
 - 14.15 Love Island
 - 15.01 Survivor
 - 16.21 Survivor
 - 17.40 Dr. Phil
 - 18.25 The Late Late Show
 - 19.10 A.P. BIO
 - 19.40 American Auto
 - 20.10 Heartland
 - 21.00 FBI Bandarískur spennuþáttur um liðsmenn bandarísku alríkislögreglunnar, FBI, í New York. Frábær þáttaröð frá Dick Wolf, framleiðanda Law & Order og Chicago þáttaraðanna.
 - 21.50 Love Island
 - 22.35 The Man Who Fell to Earth Dulmögnuð og spennandi þáttaröð frá Showtime. Vera utan úr geimnum heimsækir Jörðina með vitneskju um framtíð og örlög mannkynsins.
 - 23.25 The Late Late Show
 - 00.10 NCIS
 - 00.55 NCIS. New Orleans
 - 01.40 New Amsterdam
 - 02.20 Good Trouble
 - 03.05 Love Island
- STÖÐ 2**
- 08.00 Heimsókn
 - 08.15 Grand Designs. Australia
 - 09.05 Bold and the Beautiful
 - 09.30 Blindur bakstur
 - 10.05 Punky Brewster
 - 10.30 Home Economics
 - 10.50 Simpson-fjölskyldan
 - 11.10 The Goldbergs
 - 11.35 Franklin & Bash
 - 12.15 Amazing Grace
 - 13.00 Backyard Envy
 - 13.40 Margra barna mæður
 - 14.15 The Masked Dancer
 - 15.20 Hið blómlega bú
 - 15.50 Race Across the World
 - 16.50 Girls5eva
 - 17.20 Franklin & Bash
 - 18.00 Bold and the Beautiful
 - 18.25 Veður
 - 18.30 Fréttir Stöðvar 2
 - 18.50 Sportpakinn
 - 18.55 Ísland í dag
 - 19.15 Jamie's One Pan Wonders
 - 19.40 Hell's Kitchen
 - 20.25 After the Trial
 - 21.15 Magnum P.I.
 - 22.00 The Righteous Gemstones
 - 22.35 Unforgettable
 - 23.15 Family Law
 - 23.55 The Resort
 - 00.25 Agent Hamilton
 - 01.10 Punky Brewster
 - 01.35 Home Economics
 - 01.55 The Goldbergs
 - 02.15 Backyard Envy
 - 02.55 The Masked Dancer

Fréttavaktin í opinni dagskrá

Fréttavaktin á Hringbraut er eini íslenski fréttavakturinn í sjónvarpi sem er landsmönnum að kostnaðarlausu, en þátturinn hefur fest sig rækilega í sessi á undanliðnum tveimur árum sem deigla helstu atburða liðandi stundar. Fréttavaktin er blanda af umræðu um helstu tíðindi dagsins og beinskeyttum fréttaviðtölum við sérfræðinga og fréttaskýrendur af öllu tagi. ■



SKÁK

Hvítur á leik



Vignir Vatnar Stefánsson (2.461) átti leik gegn Yamac Samani (2.357) á EM einstaklinga í Serbíu.

18.d5! exd5 (18...Rxd5 19.Bxe7 Dxe7 20.Rxd5 exd5 21.Rxg6). **19.Rg4! Rc6 20.Hxe7! Dxe7 21.Bxf6+ Dxf6 22.Rxf6** 1-0.

Vignir hefur staðið sig þrýðilega á mótinu. Lokaumferðin fór fram í gær. Melaskóli vann sigur á Íslandsmóti barnaskólasveita sem fram fór um helgina. Rimaskóli varð í 2. sæti og Flúðaskóli í því 3.

www.skak.is. Vignir á EM

KROSSGÁTA

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10			11		
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT

- 1 bak við
- 5 snikill
- 6 fisk
- 8 þéttleiki
- 10 snæði
- 11 gönuhlaup
- 12 spil
- 13 sölseja
- 15 stofnæð
- 17 aldin

LÓÐRÉTT

- 1 afgreiða
- 2 bæli
- 3 tæki
- 4 rækilegar
- 7 nytjalist
- 9 gaufa
- 12 útungun
- 14 röst
- 16 óð

LÁRÉTT: 1 arfan, 5 flö, 6 al, 8 heldni, 10 et, 11 ras, 12 kór, 13 dill, 15 aðalæð, 17 akarn. LÓÐRÉTT: 1 afhenda, 2 flet, 3 fól, 4 nánar, 7 listið, 9 drölla, 6 klak, 12 klak, 14 íða, 16 ær.

SUDOKU

			2	4		1		6
		7		3	8	9	5	
		5		7				
				9		5		
8	9			6		2	1	
					4	3		7
6		4		5		8		
7		1				6	4	
3	8							

			4			9		
3	4	5			6		8	
6	7					2		
				5		3		
		6	2	3			4	
9	1				8		2	
				8			1	
		6	1					
8			3				7	

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tví-taka neina tölu í röðinni.

PONDUS

Þessi þorvél hefur breiða skírskotun! Jáfnvel hipster sem á erfitt með að festa lak á latte-balla getur orðið Bubbi byggir með þetta í höndunum!

Ég sé fyrir mér ungt par sem er að gera upp sína fyrstu íbúð! Helst tvær ungar konur! Þannig blása vindarnir!

Ég geng hreint til verks og læt markhópin fá nákvæmlega það sem hann vill!

Töpuðum enn einu sinni! Fyrst við höfðum ekki lesbiur sem munda verkfærin í hávaðarakí? Jáeja...



**MATUR OG HEIMILI
MEÐ SJÖFN ÞÓRÐAR**

Lifandi þáttur um matargerð í bland við innanhússarkitektúr, hönnun og fjölbreyttan lífsstíl.

ÞRIÐJUDAGA KL. 19.00 OG 21.00



Útfararþjónusta Rúnars Geirmundssonar

Traust fjölskyldufyrirtæki í áratugi



Útfararþjónusta Rúnars Geirmundssonar

Traust og faglegt fjölskyldufyrirtæki í 30 ár.

Útfararþjónusta Rúnars Geirmundssonar er elsta starfandi útfararþjónustan á höfuðborgarsvæðinu.

Við höfum áratuga reynslu við að annast alla þætti útfararþjónustu.

Hægt er að hafa samband allan sólarhringinn alla daga ársins.

Hljá, auðmýkt og virðing er okkar leiðarljós. Við tökum tillit til þess að fólk er í sárum eftir ástvinamissi. Okkar markmið er að veita framúrskarandi og persónulega þjónustu á sanngjörnu verði.

Nánar um okkur:
Sími: 567-9110
Netfang: utfarir@utfarir.is



Á villigötum í Hafnarlandi

LEIKHÚS

Draumaþjófurinn Þjóðleikhúsið

Höfundur bókar: Gunnar Helgason

Handrit söngleiks: Björk Jakobsdóttir

Söngtextar: Björk Jakobsdóttir, Gunnar Helgason og Hallgrímur Helgason

Leikstjóri: Stefán Jónsson

Tónlist og tónlistarstjórn: Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson

Leikarar: Puriður Blær Jóhannsdóttir, Kjartan Darri Kristjánsson, Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir, Örn Árnason, Þróstur Leó Gunnarsson, Atli Rafn Sigurðarson, Þórey Birgisdóttir, Sigurbjartur Sturla Atlason, Guðrún S. Gísladóttir, Pálmi Gestsson, Hákon Jóhannesson, Edda Arnljótsdóttir, Viktoría Sigurðardóttir, Oddur Júlíusson, Almar Blær Sigurjónsson, Saadia Auður Dhour, Kolbrún Helga Friðriksdóttir/Dagur Rafn Atlason, Guðmundur Einar Jónsson/Nína Sólrún Tamimi, Oktavía Gunnarsdóttir/Rafney Birna Guðmundsdóttir, Gunnlaugur Sturla Olsen/Kristín Þórdís Guðjónsdóttir, Rebekkah Chelsea Paul/Jean Daniel Seyo Sonde og Helgi Daniel Hannesson/Leó Guðrúnarson Jáuregui

Dansar og sviðshreyfingar: Lee Proud

Leikmynd: Ilmur Stefánsdóttir

Búningar: María Th. Ólafsdóttir

Brúðuhönnun: Charlie Tymms

Brúður - hugmynd og útlit: Charlie Tymms og Ilmur Stefánsdóttir

Lýsing og myndbandshönnun: Björn Bergsteinn Guðmundsson og Petr Hlousek

Hljóðmynd: Kristján Sigmundur Einarsson og Þóroddur Ingvarsson

Hljóðfæraleikarar: Kjartan Valdemarsson, Haukur Gröndal og Einar Scheving

Sigríður Jónsdóttir

Gjain á milli þjóðfélagsstétta stækkar með degi hverjum, ofgnótt þeirra sem eiga stækkar og lífsbarátta þeirra sem eiga ekki harðnar. Í forgarði helvítis er síðan flóttafólk í leit að betra lífi en kemur alls staðar að lokuðum dyrum. Hvernig er hægt að koma á jöfnuði í slíku samfélagi? Í Draumaþjófum er reynt að svara þessum áleitnu spurningum og er hann eitt stærsta viðfangsefni þjóðleikhússins á þessu leikári. Öllu er tjaldað til og splunkunýr íslenskur söngleikur lítur dagsins ljós á Stóra sviðinu. Þjóðleikhúsið leggur hér allt undir í leit að smelli.

Gunnar Helgason á stóran adda-endahóp í heimi barnabókmennta og tryggt sæti á metsölulistum. Draumaþjófurinn kom út á bók 2019 og fjallar um rottur sem berjast fyrir betri heimi. Björk Jakobsdóttir skrifar leikgerðina og Hallgrímur Helgason semur söngtextana í samvinnu við parið.

Meingölluð uppbygging

Á yfirborðinu geymir Draumaþjófurinn margt gott. Ævintýraheim þar sem barátta milli góðs og ills snýst um jöfnuð. Aðalpersónan er sterkur kvenkyns karakter. Þar með eru flestir kostirnir upptaldir, í söngleik sem minnir óneitanlega á Cats og áhrif Vesalinganna eru líka áþreifanleg. Handritsgallarnir eru fjölmargir og útfærslur ófullnægjandi. Persónur verksins segja stödugt frá viðburðum og útskýra í stað þess að höfundar sýni áhorfendum veröldina.

Uppbygging sögunnar er meingölluð, framvindan silast áfram og persóna sem kynnt er til sögunnar sem aðalpersóna hverfur fljótlega á braut. Aðalsagan er fremur veik og



Draumaþjófurinn í uppsetningu Þjóðleikhússins er meingölluð sýning með töfrandi augnablikum að mati gagnrýnanda.

MYNDIR/JORRI



Gleðin og lífskrafturinn geislar af Puriði Blævi í hlutverki Eyrnastórrar Aðalbarns Gullfallegrar Rottudísar.



Þrátt fyrir töfrandi augnablik er Draumaþjófurinn kannski best geymdur á hafsbotni.

hlíðarsögurnar sömuleiðis. Bátarottunum eru aldrei gerð góð skil og áhorfendur kynnast þeim lítið. Sumir áherslupunktur eru útskýrðir út í hið óendanlega en aðrir alls ekki. Af hverju ákveður Eyrdis að leita að matarfjallinu? Af hverju sækist Ljúfur eftir völdum? Hvað gera bardagarotturnar?

Söngtextarnir eru frekar til að útskýra söguþráðinn en að þróa persónurnar: „Við stöndum saman alla leið. Þá verður rottugatan greið! Við erum algjörir Hafnarlands-himna-rottu-vinir. Erum besta teymi í heimi.“ Þessi tækni er gegnumgangandi allan tímann, að útskýra heiminn og söguþráðinn. Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson semur tónlistina og stjórnar en tekst ekki að skapa heildstæðan hljóðheim. Fyrir utan einstaka lag eins og „Ekki gráta“ eru fá eftirminnileg. Grunnstefið vantar, lögin tengjast þannig ekki heldur eru samansafn af ólíkum hugmyndum.

Blær heillar salinn

Leikarahópurinn gerir sitt besta með takmarkað efni. Nærvera Puriðar Blævar heillar heilan sal og er frábært val fyrir söngleik af þessu tagi. Gleðin og lífskrafturinn geislar af henni í hlutverki Eyrnastórrar Aðalbarns Gullfallegrar Rottudísar, nafnið er dæmi um brandara sem er aldrei fyndinn. Kjartan Darri er svikinn af sínu hlutverki og fær

miklu minna að gera en söngleikurinn lofar. Hann er þó algjörlega á réttri hillu, orkumikill með fina söngródd. Örn á skilið orðu fyrir þjónustu sína í þágu barnaleikhúss. Hann gefur svo gríðarlega mikið af sér í hlutverki Hjassa Draumasmíðs, Old Deuteronomy að frönskum hefðarstil. Þegar hann stígur á svið birtir til, íburðarmikill í anda Count de Monet og Mel Brooks. Þróstur Leó er honum til halds og trausts, til í tuskið og sjarmerandi.

Hafnarlandi stjórnar Skögultönn foringi með harðri hendi, leikin af Steinunni Ólínu. Frammistaða hennar hverfur undir gervinu en kemur með skemmtilega en iðandi orku inn í sýninguna. Atli Rafn leikur Ljúf af miklum móð. Ljúfur þjáist af dansröskun, annað dæmi um hugmynd sem er sett fram en ekki vel framkvæmd. Gaman er að sjá unga og upprennandi leikara fjölmenna á sviðið í fjölbreyttum hlutverkum. Þórey í hlutverki Pílu er hressandi og lífleg. Viktoría grípur augnablikið og skilar sínum söng af mikilli fagmennsku. Oddur Júlíus-

son er á heimavelli. Börnin standa sig með þrýði og gefa sýningunni glöðværan lit. Spyrja má hvort ofaukið sé í leikarahópnum. Reyndir leikarar á borð við Pálma, Guðrúnu og Eddu tynast í fjöldanum.

Styrk leikstjórn

Stefán leiðir hópinn og með styrkri leikstjórn gerir hann hvað hann getur við efniviðinn. Senurnar flæða vel og samvinna hópsins er góð. Danshöfundurinn Lee Proud hefur séð betri daga. Dansarnir renna hver inn í annan, „Jó halló“ er undantekningin þrátt fyrir undarleg efnistöð. Ilmur Stefánsdóttir skapar leikmyndina og tekst ágætlega til. Hún leikur sér að hlutföllum, allt er í rottustærð, og áferðum til að draga fram smáatriði til að skapa sviðsmýndirnar. María Th. Ólafsdóttir sér um búningana sem er frekar ruglingslegur gjörningur, í takt við söguna.

Allt of margir ofhlaðnir heimar skarast og fáum eru gerð góð skil. Af hverju eru ítölsku veitingastaðarotturnar í flamengóbúningum? Grímurnar sem leikararnir bera á höfði eiga að undirstrika rottugervin en eru ekki nægilega sýnilegar.

Gleðin dvínar snögglega

Senuþjófarinn eru stórkostlegar brúður Charlie Tymms, leikhúsdraumar í raunheimi. Magnað er að berja tannhvassa selinn, svarta köttinn og fálkann fljúgandi augum. Hver þeirra er eins og ljóð á hreyfingu, lítríkir leikhústófrar í öllum sínum krafti.

Nýr íslenskur söngleikur er fagnadarefni, en gleðin dvínar snögglega þegar á hólminn er komið. Metnaðurinn sem stjórnendur þjóðleikhússins hafa sett í Draumaþjófinn er sömuleiðis virðingaverður. Aftur á móti er veðjað á kolrangan söngleik í annað sinn á leikárinu og uppskeran er eftir því. Skilaboðin eru falleg, leikhópurinn gerir sitt allra besta og brúðurnar eru listaverk, en afsþyrnu dapurt handrit verður söngleiknum að falli. ■

NIÐURSTAÐA: Þrátt fyrir töfrandi augnablik er Draumaþjófurinn kannski best geymdur á hafsbotni.



Undir
YFIRBORDIÐ

MEÐ ÁSDÍSI OLSEN

STÓR ÞÁTTUR Í LÍFI FÓLKS

ÞRIÐJUDAGA KL. 20.00 OG KL. 22.00

Framúrstefnulegur þáttur um heilsu og hamingju.

Ásdís Olsen ryður brautina fyrir allt það nýjasta og heitasta á jaðarsenunni.



HRINGBRAUT

Rauði dregillinn sem var ekki einu sinni rauður

Það var mikið um dýrðir á Óskarsverðlaununum um helgina. Engin Björk í svanakjól þó og stjórnurnar virtust að miklu leyti halda sig við hefðbundna tiskustrauma á rauða dreglinum sem í ár var ekki einu sinni rauður. Korseletttískan er í algleymingi hjá stjórnunum sem vöktu athygli.

odduraev@frettabladid.is



Brendan Fraser kom, sá og sigraði og vann Óskar fyrir hlutverk sitt í *The Whale*, en hann klæddist Giorgio Armani-smóking á meðan eigin kona hans Jeanne Moore klæddist himneskum bláum kjól.



Ana de Armas klæddist kampavinslituðum Louis Vuitton kjól.

Annar af tveimur Danielunum sem unnu til verðlauna fyrir leikstjórn *Everything Everywhere All At Once*, Daniel Kwan, minnti á frægasta búninginn í myndinni með sérlegum Punk-jakkafötum.



Dwayne Johnson deildi því að dóttir sín hefði hjálpað sér að velja Óskarsklæðnaðinn í ár. Hann er í fagurbleikum jakka frá Dolce & Gabbana.



Michelle Yeoh skráði sig á spjöld sögunnar og vann Óskarsverðlaun í kjól frá Dior Haute Couture-tískuhúsinu sem minnti helst á skýjabakka.



Jamie Lee Curtis vann sin fyrstu Óskarsverðlaun um helgina og var glæsileg í skartklæddum Dolce & Gabbana kjól.

Cara Delevingne var í Elie Saab-kjól og skóm frá Stuart Weitzman auk þess sem hún bar skartgrip frá Bulgari. Margir í ár voru í svörtu eða hvítu en Cara skar sig úr í rauðu.



Rihanna mætti á rauða dregilinn í Alaia-leðurkjól og eins og venjulega vakti hún athygli fyrir að vera stórglæsileg. Erlend tiskutímarit segja hana ekki hafa valdið vonbrigðum, frekar en fyrri daginn.



Salma Hayek mætti í eldheitum kjól frá Gucci. Kjöllinn er á litinn eins og sól-skinið þar sem bleiki liturinn sem endurvarpast af kjólnum minnir á sólsetrið.



Florence Pugh mætti í kjól frá Valentino Couture sem vakti mikla athygli. Margir sögðu að það væri eins og hún klæddist rúmfötum og gerðu margir grín að glæsilegri leikkonunni á Twitter.



Top Gun-drottningin Jennifer Connelly var í seiðandi svörtum kjól frá Luis Vuitton.



Nóbelsfriðarverðlaunahafinn Malala Yousafzai var stórglæsileg í silfurlituðum kjól frá Ralph Lauren en hún var framleiðandi heimildarmyndarinnar Stranger at the Gate sem var tilnefnd til Óskars.



Lady Gaga mætti í kjól frá sínu uppáhaldstískumerki, Donatella Versace, í kjól sem ofurfyrirsætan Gigi Hadid klæddist fyrst. Skartgripirnir komu frá Tiffany & Co.



Sigurvegur ársins 2023

- Besta myndin**
Everything Everywhere All at Once
- Besta leikkonan í aðalhlutverki**
Michelle Yeoh (Everything Everywhere All at Once)
- Besti leikari í aðalhlutverki**
Brendan Fraser (The Whale)
- Besti leikstjórninn**
Daniel Kwan, Daniel Scheinert (Everything Everywhere All at Once)
- Besta klippingin**
Everything Everywhere All at Once (Paul Rogers)
- Besta handritið byggt á áður útgefnu efni**
Women Talking (Sarah Polley)
- Besta frumsamda handritið**
Everything Everywhere All at Once (Daniel Kwan og Daniel Scheinert)
- Bestu tæknibrellurnar**
Avatar: The Way of Water (Joe Letteri, Richard Baneham, Eric Saindon and Daniel Barrett)
- Besta frumsamda tónlistin**
All Quiet on the Western Front (Volker Bertelmann)
- Besta erlenda myndin**
All Quiet on the Western Front (Þýskaland)
- Besta leikkona í aukahlutverki**
Jamie Lee Curtis (Everything Everywhere All at Once)
- Besti leikari í aukahlutverki**
Ke Huy Quan (Everything Everywhere All at Once)
- Besta teiknimyndin**
Guillermo del Toro's Pinocchio



FRÉTTA
VAKTIN

FRÉTTAVAKTIN


KL. 18.30 ALLA VIRKA DAGA

Fréttavaktin býðum landsmönnum upp á fjölbreytta fréttaumfjöllun í opinni dagskrá. Úrvalslíð fjölmiðlafólks fer yfir fréttayfirlit dagsins ásamt því að fá til sín góða gesti að ræða helstu mál líðandi stundar.

Fréttavaktin er á dagskrá alla virka daga á Hringbraut, dv.is og frettabladid.is



HRINGBRAUT



Stelpurnar fögnuðu því vel og innilega þegar Brendan Fraser átti endurkomu lífs síns á Óskarnum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Koma hver annari á óvart ár eftir ár í Óskarsbúningi

Eva Margrét Guðnadóttir horfir árlega á Óskarsverðlaunahátíðina með tvíbura-systur sinni og frænku í teiti sem verður sífellt metnaðarfullra. Eva segir hátíðina hafa verið gott sjónvarpsefni þó að Will Smith hafi engan slegið.

odduraevar@frettabladid.is

„Við erum alltaf þrjár og höfum hist núna allar Óskarshátíðir síðan 2019,“ segir Eva Margrét Guðnadóttir, formaður Rafíþróttasambands Íslands og kvikmyndaséni, en hún horfir á Óskarsverðlaunin ár hvert ásamt tvíbura-systur sinni Ölmú og frænku þeirra Halldísi Unu Hreiðarsdóttur.

Eva segir þríeykið vera vel undirbúið undir Óskarskvöldið ár hvert. „Um leið og það er ljóst hvaða myndir eru tilnefndar þá tökum við okkur góðan tíma í að horfa á þær allar,“ útskýrir Eva. „Þetta er Óskarsklúbburinn okkar, sem enginn annar kemst í,“ bætir hún við hlæjandi.

„Við tökum okkur margar vikur í þetta. Við hittumst kannski sirka einu sinni í viku og horfum á hverja mynd. Svo reynum við að ná að minnsta kosti alltaf einni þeirra í bíó.“

Í ár mætti Eva í búningi Naavi-manns úr stórmynd James Cameron Avatar: The Way of Water, á meðan Alma mætti sem Michelle Yeoh í ikoniskum búningi úr Everything Everywhere All At Once. Una mætti síðan að sjálfsgöðu sem Elvis í anda ástralska stórleikarans Austin Butler.

„Við ákveðum alltaf búninga upp á eigin spýtur án þess að segja hver annari hvað við ætlum að vera,“ segir Eva hlæjandi. „Þannig að það er alltaf gríðarlega fyndið þegar við hittumst og opinberum hvað varð fyrir valinu.“

Eva segir metnaðinn hafa farið stigvaxandi með hverju árinu sem líður. „Fyrsta árið vorum við bara með góðan mat og kræsingar og létum það duga,“ segir hún hlæjandi.

Spurð hvort það sé ekki brekka að vaka svo lengi fram eftir á sunnudagskvöldi, segir Eva að þær stöllu séu heppnar að geta mætt seinna til vinnu daginn eftir. „En ef það væri ekki þannig held ég að við myndum bara fórna okkur í þetta, því þetta kvöld er orðið heilagt hjá okkur,“ útskýrir Eva.



Halldís tók Elvis, Eva Naavi-geimveru úr Avatar og Alma einn frægasta búning Michelle Yeoh úr Everything Everywhere All At Once. MYND/ADSEND



Við ákveðum alltaf búninga upp á eigin spýtur án þess að segja hver annari hvað við ætlum að vera.


til verðlauna fyrir leik sinn í The Whale. „Hann átti þetta svo mikið skilið,“ segir Eva sem bætir því við að lítið hafi komið á óvart í ár og enginn Will Smith mættur til að gefa Chris Rock einn á kjammann eins og í fyrra.

„Við vorum einmitt að rifja upp í gær hvernig þetta var í fyrra. Við vorum allar hálfsofandi og trúðum ekki okkar eigin augum og vorum alveg í góðan tíma að velta fyrir okkur hvort þetta hefði verið sviðsett eða hvort þetta hefði gerst í alvörinni,“ segir Eva sem segir það hafa verið engu líkt að sjá þetta í beinni.

„Við vorum einmitt að ræða það í gær. Ég man að þetta var svolítið seint í þættinum í fyrra og við vorum allar hálfsofandi. Við sáum þetta gerast og sögðum ekki neitt í smá stund og vorum alveg í góðan tíma að velta fyrir okkur hvort þetta hefði verið sviðsett eða hvort þetta hefði gerst í alvörinni. Það var auðvitað geggjáð að verða vitni að þessu í beinni, annað en flestir Íslendingar sem sáu þetta daginn eftir. Þetta var svakalegt.“ ■

Þær Eva, Alma og Halldís hafa svo að sjálfsgöðu getraunaleik þar sem þær skjóta á það hvernig verðlaunahátíðin fer. „Engin okkar var með allt saman rétt en við erum alltaf að verða betri og betri í að giska og núna munandi bara einu stigi á okkur. Við nefnilega pössum okkur að gúggla ekkert og erum orðnar mjög góðar í að meta þetta sjálfar.“

Eva segir þær hafa haldið mikið með Brendan Fraser sem vann



GÓÐ GERÐAR PIZZA

Á MATSEÐLI 13.–16. MARS

HVÍTLAUKSSÓSA
PEPPERONI
BEIKON
SPÍNAT
GRÆN EPLI
HUNANG
TRUFFLUOSTUR



Hrefna Sætran

ÖLL SALA RENNUR ÓSKIPT TIL NEISTANS,
STYRKARFÉLAGS HJARTVEIKRA BARNA



Neistinn
Styrktarfélag hjartveikra barna



Domino's®



Ali



BAKÞANKAR



Pétur Georg
Markan

Sleppi og sleppi

Ég staðfesti vorveidina í síðustu viku. Mér fer hins vegar ekkert fram í veiðiskapnum; kasta stutt, týni flugum, húkka í bakið og veiði minna en ekkert. En spenn-ingurinn fyrir ferðunum verður bara meiri.

Milla konan mín skilur þetta ekki. Rándýrt og fyrirhöfnin meiri en að koma fimm manna fjöl-skyldu í bakpokaferðalag. Ekkert kemur til baka nema næpuföður, móralskur miðaldra kall – hvítur að utan, með sól í sinni.

Það er þó eitt sem truflar mig í veiðiskapnum, þó það reyni eiginlega aldrei á það. Það er þetta með að sleppa fiskinum. Að veiða án þess að borða bráðina verður aldrei annað en óeðli í mínum huga – alveg sama hvað eldheitur fluguveiðiréttindaleigutaka-spámaður prédikar ástríðufullur á milli ekkanna.

„Þú klárar fiskinn þinn,“ sagði mamma og það stendur.

Fegurð kastsins og lögun línunnar, innsæið fyrir straumnum, augað fyrir hyljunum og eyrað fyrir árníðnum er listin í veiðinni. Lyktin af sumarbakkannum, næturbirta trúnóanna og júlí-bláminn í himnasölunum þegar maður liggur vaðlaður í grasinu, rétt ryðgaður og finnst maður eilífur, er guð og hamingjan sem fylgir þessu stórkostlega sporti.

Ég hef sumsé verið í glímu með þetta að sleppa fiskinum – en látið mig hafa það. En í síðustu veiðiferð komst síðan skikkan á sköpun skaparans í þessum vandræðum mínum – ný veiðiáferð sem steig út þessa náttúruvá sem sleppingar eru. Nú kem ég fullgíraður í holtið, vaðlaður upp með hatt og klút, set upp stöngina mína, hef litaraðað fluguboxið mitt klárt í framvaðlavasanum, sest á bakkann og segi sögur. Ég sumsé sleppi sleppi. ■



Ný og öflug
fasteignaleit

Finndu réttu eignina fyrir þig á frettabladid.is



LAEGSTA

VERÐIÐ

Í KÓPAVOGI

ER Á DALVEGI

